



Reykjavík, 18. mars 2024
VEL24030026

Borgarráð

Samþykkt velferðarráðs um tímabundna framlengingu þjónustusamnings við félags- og vinnumarkaðsráðuneytið um samræmda móttöku flóttafólks

Á fundi velferðarráðs þann 13. mars 2024 var lögð fram svohljóðandi tillaga sviðsstjóra um tímabundna framlengingu þjónustusamnings við félags- og vinnumarkaðsráðuneytið um samræmda móttöku flóttafólks:

Lagt er til að heimild verði veitt til að framlengja um hálf t. ár, eða til 30. júní nk. meðfylgjandi þjónustusamning við félags- og vinnumarkaðsráðuneytið um samræmda móttöku flóttafólks, sem kveður á um að Reykjavíkurborg taki á móti allt að 1500 flóttamönnum á samningstímanum. Nokkrar breytingar hafa verið gerðar á hinum framlengda samningi aðilum til hagsbóta. Þá er jafnframt skilyrt heimild til frekari framlengingar í 6 mánuði, eða til 31. desember 2024, hluti af hinum nýja samningi. Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið greiðir allan kostnað vegna samningsins í samræmi við kostnaðarlíkan sem honum fylgir.

Greinargerð fylgir tillögunni.
Tillagan var samþykkt og henni vísað til borgarráðs.

Virðingarfyllst,

Rannveig Einarsdóttir,

Sviðsstjóri velferðarsviðs

Hjálagt:

Tillaga um tímabundna framlengingu þjónustusamnings við félags- og vinnumarkaðsráðuneytið um samræmda móttöku flóttafólks, lögð fram á fundi velferðarráðs 13. mars 2024, ásamt fylgiskjölum.



Reykjavík



Reykjavík, 13. mars 2024

VEL24030026

TILLAGA

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs

Efni tillögu: Tímabundin framlenging þjónustusamnings við félags- og vinnumarkaðsráðuneytið um samræmda móttöku flóttafólks

Lagt er til að heimild verði veitt til að framlengja um hálf á, eða til 30. júní nk. meðfylgjandi þjónustusamning við félags- og vinnumarkaðsráðuneytið um samræmda móttöku flóttafólks, sem kveður á um að Reykjavíkurborg taki á móti allt að 1500 flóttamönnum á samningstímanum. Nokkrar breytingar hafa verið gerðar á hinum framlengda samningi aðilum til hagsbóta. Þá er jafnframt skilyrt heimild til frekari framlengingar í 6 mánuði, eða til 31. desember 2024, hluti af hinum nýja samningi. Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið greiðir allan kostnað vegna samningsins í samræmi við kostnaðarlíkan sem honum fylgir.

Greinargerð:

Þann 10. nóvember 2022 samþykkti borgarráð að Reykjavíkurborg undirritaði þjónustusamning við félags- og vinnumarkaðsráðuneytið um samræmda móttöku flóttafólks. (Sjá meðfylgjandi tillögu og minnisblað dags. 8. nóvember 2022). Samningurinn gildi til 31. desember 2023. Í október sl. sendi félags- og vinnumarkaðsráðherra bréf til þeirra sveitarfélaga sem taka þátt í samræmdri móttöku flóttafólks og fór þess á leit að gildandi samningur yrði framlengdur tímabundið á meðan unnið væri að stefnumótun um samræmda móttöku flóttafólks, en sú stefnumótun er yfirstandandi. Sveitarfélögin hafa verið óánægð með gildandi samning, einkum þá flóknu umsýslu sem honum fylgir. Sveitarfélögin tóku flest vel í að framlengja samninginn tímabundið einkum ef sniðnir yrðu af nokkrir vankantar samningsins. Við tóku samningaviðræður sem gengu út á að sniða af helstu vankantana. Samband Íslenskra sveitarfélaga leiddi samningaviðræðurnar að beiðni þeirra sveitarfélaga sem taka þátt í samræmdri móttöku flóttafólks, sem eru nú orðin 14 talsins; Reykjavík, Hafnarfjörður, Reykjanesbær, Akureyri, Árborg, Borgarbyggð, Kópavogur, Ísafjörður Garðabær, Akranes, Vestmannaeyjar, Mosfellsbær, Múlaþing og Hornafjörður.

Mikilvægustu samningsmarkmið Reykjavíkurborgar sem og annarra sveitarfélaga fyrir nýjum samningi eru 1) að einfalda stjórnsýslu samningsins og færa nær því fyrirkomulagi sem gildir um samning um þjónustu við umsækjendur um alþjóðlega vernd, 2) að kveða á um greiðslur vegna skólagöngu flóttabarna í samningnum, 3) að losa húsnæðisþáttinn undan ábyrgð sveitarfélaga og 4) að taka sérstakt tillit til kostnaðar vegna þjónustu við flóttafólk með miklar þjónustufarir, s.s. fatlanir.



Reykjavík



Hvað fyrsta atriðið varðar hefur verið ljóst lengi að fyrirkomulag það er varðar greiðslur ríkisins til sveitarfélaga sem taka þátt í samræmdri móttöku er mjög flókið og setur mikla vinnu á herðar sveitarfélags við að útbúa ítarlegar stuðningsáætlanir til handa hverjum og einum flóttamanni, óháð þjónustubörf, sem og á herðar ríkisins við að yfirfara stuðningsáætlanir til að sannreyna að þjónusta hafi verið veitt af hálfu sveitarfélags. Sveitarfélögin hafa því óskað eftir að þessu fyrirkomulagi verið breytt og tekið upp sambærilegt fyrirkomulag og gildir um greiðslur á grundvelli samningsins um þjónustu við umsækjendur um alþjóðlega vernd.

Hvað annað atriðið varðar þá hafa greiðslur vegna leik- og grunnskólabarna ekki verið hluti af samningnum um samræmda móttöku flóttafólks, ólíkt því sem gildir um samninginn um umsækjendur um alþjóðlega vernd. Ástæða þessa er að þegar samningssníðmát um samninginn um samræmda móttöku var mótað í starfshópi ríkis og sveitarfélaga, lá niðurbrot kostnaðar vegna skólagöngu flóttabarna ekki fyrir með jafn skýrum hætti og kostnaður vegna þjónustu við fjölskyldurnar á velferðarsviði borgarinnar auk þess sem sá kostnaður heyrði undir annað ráðuneyti, þ.e. mennta- og barnamálaráðuneyti. Einnig var því haldið fram að kostnaður vegna skólagöngu barna væri grunnþjónusta sveitarfélags við íbúa sína og því ekki um að ræða viðbótarþjónustu sem greiða ætti undir samræmdri móttöku. Því var ákveðið að skilja kostnað vegna skólagöngu barna frá samningnum. Sú ákvörðun hefur ekki reynst vel og hafa sveitarfélögin verið afar ósátt við það fyrirkomulag enda er skólaganga barna órjúfanleg heild í samræmdri móttöku flóttafólks auk þess sem einungis lítill hluti af þeim aukna kostnaði sem sveitarfélög bera fæst greiddur af ríkinu.

Hvað þriðja atriðið varðar þá bera sveitarfélögin samkvæmt gildandi samningi einungis ábyrgð á að útvega flóttafólki húsnæði eins og kostur er en sú byrði er þung.. Eins og er, er um sameiginlega ábyrgð ríkis og sveitarfélaga að ræða á að útvega flóttafólki húsnæði en áfram verður unnið að því að ríkið stígi ákveðnar inn í það verkefni.

Loks er vert að minnast á að mikill kostnaður hefur fylgt flóttafólki, börnum og fullorðnum sem hafa glímt við flóknar fatlanir. Kostnaðarlíkani samningsins er ætlað að jafna út kostnað vegna þeirra sem þurfa mikla þjónustu og þeirra sem þurfa litla þjónustu, hins vegar hefur framkvæmdin leitt í ljós að svo er ekki í reynd. Í einstaka tilvikum hefur Reykjavíkurborg samið sérstaklega við ríkið vegna kostnaðar vegna fatlaðra barna er þurfa veru í sérskóla en hér þarf heildarlausn. Lögð hefur verið áhersla á að fjölbreyttur hópur flóttafólks fari í samræmda móttöku, bæði með litlar og miklar þjónustufarir og æskilegast er að það endurspeglis í mati á kostnaði.

Ljóst er að lengri tíma en þann sem samningsaðilar höfðu aflögu í þetta sinn þarf til að útfæra ofangreind samningsmarkmið og verða þau því tekin upp í næstu samningalotu. Nokkuð hefur þó þokast í rétta átt.

Breyttur samningur

Nú liggur fyrir samningur þar sem búið er að koma til móts við sveitarfélögin að einhverju leyti og eru helstu breytingar á samningnum þær að:

- Samningurinn hefur verið einfaldaður nokkuð, s.s. að kröfulýsing er fylgdi samningnum hefur verið einfölduð og felld inn í samninginn





- Einfaldari útgáfa af kostnaðarlíkani hefur verið felld inn í samninginn en kostnaðarlíkanið er þó eins í megindráttum og fylgir jafnframt samningnum (2. gr.)
- Ákvæði um fjölda notenda hefur verið einfaldað og nú einungis getið um hámarksfjölda í samræmdri móttöku en hvorki lágmarksfjölda né hámarksfjölda á hverju ári samningsins (3.gr.)
- Ábyrgð og hlutverk hvers samningsaðila eru skýrð betur í samningnum (4.-6.gr.)
- Inntak þjónustunnar er skýrt í samningnum en ekki í fylgiskjali (7.gr.)
- Skýrar er kveðið á um vinnslu persónuupplýsinga samkvæmt samningnum (11. gr.)
- Nýju ákvæði bætt við samninginn þess efnis að setja skuli á laggirnar starfshóp með það að markmiði að endurskoða samninginn um samræmda móttöku flóttafólks og koma með tillögu að nýjum samningi til framtíðar (10. gr.)

Samningurinn gildir til sex mánaða, eða frá 1. janúar 2024 til 30. júní 2024, en hægt er að framlengja hann um sex mánuði að því gefnu að starfshópur sá er getið erum í 10. gr. hafi verið stofnaður.

Sveitarfélögin telja að ekki verði lengra komist í átt að úrbótum í þessari samningslotu og eru því flest tilbúin til að undirrita samninginn.

Framkvæmd samningsins um samræmda móttöku flóttafólks

Frá því að velferðarsvið gerði samning við félagsmálaráðuneytið um samræmda móttöku flóttafólks, fyrst með tilraunarverkefni 2020, hefur framkvæmdin verið að slípast. Margar áskoranir hafa fylgt verkefninu en unnið er jafnt og þétt að því að takast á við þær og betrubæta þjónustuna.

Alþjóðateymi velferðarsviðs Reykjavíkurborgar var stofnað um áramótin 2021/2022 í samræmi við velferðarstefnu borgarinnar þar sem lögð er áhersla á að efla þjónustu við fólk af erlendum uppruna. Á síðasta ári voru gerðar skipulagsbreytingar á Alþjóðateyminu, sem miðuðu að því að útvíkka starfsemi þess inn á allar miðstöðvar borgarinnar og eru nú sérstakir ráðgjafar á hverri miðstöð sem sinna hópnum. Þá færðist kjarnastarfsemi teymisins jafnframt frá Suðurmiðstöð Reykjavíkurborgar á Vesturmiðstöð. Meginverkefni Alþjóðateymis eru samræmd móttaka flóttafólks og þjónusta við umsækjendur um alþjóðlega vernd.

Frá árinu 2013 hafa 5.170 flóttamenn verið í þjónustu velferðarsviðs. Segja má að sprenging hafi orðið árið 2022 þegar fjöldi flóttamanna fór úr 380 í 2.184. Nokkuð dró úr fjölda flóttafólks í þjónustu velferðarsviðs á síðasta ári eða alls 1.302 en þó eru það um fjórfalt fleiri en fengu að jafnaði þjónustu á árunum 2019-2021. Þann 10. mars sl. voru 2.779 flóttamenn með þjónustu á velferðarsviði og af þeim eru 1.365 í samræmdri móttöku flóttafólks.

Endurgreiðsla frá ríkinu vegna samræmdrar móttöku flóttafólks nam tæplega 265 m.kr. árið 2023 en lokauppgjör vegna síðasta ársfjórðungs þess árs á þó eftir að fara fram og gera má ráð fyrir að um 60-80 m.kr. séu útistandandi.





Fylgiskjöl:

Drög að þjónustusamningi við félags- og vinnumarkaðsráðuneytið um samræmda móttöku flóttafólks, ásamt fylgiskjölum, febrúar 2024.

Tillaga að samningum við ríkið um samræmda móttöku flóttafólks, ásamt fylgiskjölum, dags. 8. nóvember 2022.



Reykjavík



Þjónustusamningur milli félags- og vinnumarkaðsráðuneytis, Síðumúla 24, 105 Reykjavík, kennitala: 521218-0610 (hér eftir nefndur þjónustukaupi), Vinnumálastofnunar, Grensásvegi 9, 108 Reykjavík, kennitala: 700594-2039, og Reykjavíkurborg, Tjarnargata 11, 101 Reykjavík, kennitala: 530269-7609 (hér eftir nefnt þjónustusali), um samræmda móttöku flóttafólks.

1. gr.

Gildissvið og markmið.

Samningur þessi tekur til þjónustu sveitarfélags vegna samræmdrar móttöku flóttafólks. Samræmd móttaka flóttafólks stendur einstaklingum með vernd skv. 1. mgr. 3. gr. a laga um málefni innflytjenda, nr. 116/2012, (hér eftir nefndir notendur) til boða, án tillits til þess með hvað hætti fólkíð hefur komið til landsins.

Markmið samningsins er að samræma móttöku flóttafólks þannig að ríki og sveitarfélög tryggja flóttafólki samfellda og jafna þjónustu óháð því hvaðan það kemur.

2. gr.

Fyrirkomulag greiðslna.

Við undirritun samnings þessa greiðir þjónustukaupi ársfjórðungslega fjárhæð til þjónustusala út gildistíma samnings þessa. Fjárhæðin tekur mið af fjölda notenda sem Vinnumálastofnun hefur vísað til þjónustusala og eiga þar lögheimili, og fer samkvæmt eftirfarandi töflu:

Kostnaðarlíkan - Niðurstaða Hópur	Ár 1		Ár 2		Ár 3		Samtals 3 ár	
	Klst.	Greitt	Klst.	Greitt	Klst.	Greitt	Klst.	Greitt
<u>Alþjóðleg vernd - Komin til landsins</u>								
Einst. án barns - Alþjóðleg vernd	71	512.123	27	194.751	18	129.834	116	836.708
Hjón án barns - Alþjóðleg vernd	79,5	573.433	31,5	227.210	18	129.834	129	930.477
Pr. barn - Alþjóðleg vernd	9	64.917	3	21.639	1	7.213	13	93.769
<u>Kvótaflóttafólk - Ekki komin til landsins</u>								
Einst. án barns - Kvótaflóttafólk	90	649.170	30	216.390	18	129.834	138	995.394
Hjón án barns - Kvótaflóttafólk	98,5	710.480	34,5	248.849	18	129.834	151	1.089.163
Pr. barn - Kvótaflóttafólk	13	93.769	3	21.639	1	7.213	17	122.621
Fjölskyldusameining - Ef börn								
Pr. barn sem kemur eftir á	13,5	97.376	4	28.852	1	7.213	18,5	133.441
Pr. fullorðin aðila sem kemur eftirá, greitt skv. alþj.vernd hér fyrir ofan, annaðhvort einst. eða hjón								

Greiðslur þjónustukaupa til þjónustusala fyrir verkefnið eru vegna stuðnings, aðstoðar og ráðgjafar til notanda af hálfu félagsþjónustu þjónustusala. Greiðslurnar byggja á kostnaðarlíkani, sem er fylgiskjal 1 með samningi þessum, sem greinir umfang þessara þjónustupátta í málum er falla undir samning þennan og er umreiknað til stöðugilda innan félagsþjónustunnar. Auk launa er gert ráð fyrir launatengdum gjöldum, orlofi og stjórnunarkostnaði. Miðað er við gildandi kjarasamning Félagsráðgjafafélags Íslands við Samninganefnd ríkisins, launaflokkur 14, þrep 4. Þá er gert ráð fyrir 25% í launatengd gjöld, 0,8% í fræðslu, 12% í orlof og 8% í stjórnunarkostnað, samtals 45,8%.



Greiðsla í samningi þessum kemur frá málaflökki 29.70, *Málefni innflytjenda og flóttamanna*, og fellur undir stefnu ráðherra á málefnasviði 29, *Fjölskyldumál*, sbr. 20. gr. laga um opinber fjármál nr. 123/2015. Greiða skal inn á reikning þjónustusala, nr. 0101-26-56 af fjárlagalið þjónustukaupa: 07-999-149.

Greiðslur með notanda til sveitarfélags hefjast frá og með lögheimilisskráningu viðkomandi í sveitarfélagið. Sveitarfélag skal skrá lögheimili notanda í sveitarfélagið innan tveggja vikna frá pörun viðkomandi við sveitarfélagið að öðrum kosti flytur Vinnumálastofnun lögheimilið og dregst þá fjárhæð sem nemur einni viku fyrsta mánaðar fyrsta árs samkvæmt kostnaðarlíkani, samtals 9 klst., frá greiðslum til sveitarfélagsins. Í þeim tilfellum þegar notandi er skráður í þjónustu samkvæmt samningi þessum eftir að viðkomandi skráði lögheimili sitt í sveitarfélaginu, skal miða greiðslur til sveitarfélagsins við það tímamark þegar viðkomandi var paraður í þjónustuna á vegum Vinnumálastofnunar. Greiðslur til sveitarfélags með notanda sem kemur til landsins á grundvelli fjölskyldusameiningar eða sem kvótaflóttamaður hefjast frá og með komudegi viðkomandi til landsins.

3. gr. Fjöldi notenda.

Þjónustusali tekur að sér að veita allt að 1500 notendum í senn þjónustu samkvæmt samningi þessum og tekur þjónustusali við einstaklingum, fjölskyldum og pörum.

4. gr. Ábyrgð félags- og vinnumarkaðsráðuneytisins.

Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið veitir fjármagn til verkefnisins samkvæmt samningi þessum, svo sem greiðslur fyrir aukna þjónustu sveitarfélaga og greiðslur fyrir tvo starfsdaga árlega vegna fræðslu og endurmenntunar málstjóra sveitarfélaga.

Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið veitir árlegt fjármagn til þróunarverkefna sem tengjast samræmdri móttöku flóttafólks. Styrkirnir eru veittir í samræmi við fjárheimildir sem ákveðnar eru á fjárlögum hverju sinni og nemur heildarfjármagn vegna verkefnisins 10 m.kr. á árinu 2024. Þau sveitarfélög sem hafa þar til í lok árs 2024 gildan þjónustusamning um samræmda móttöku flóttafólks geta sótt um styrk á þessum grundvelli fyrir 1. nóvember 2024.

Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið starfrækir samstarfs- og samhæfingarnefnd sem í eru fulltrúar félags- og vinnumarkaðsráðuneytis, sem jafnframt er formaður, mennta- og barnamálaráðuneytis, Vinnumálastofnunar, Sambandsins auk þriggja fulltrúa sem Samband íslenskra sveitarfélaga tilnefnir fyrir hönd þeirra sveitarfélaga sem eru þátttakendur í samræmdri móttöku. Verkefni nefndarinnar er að tryggja eins og kostur er samræmi og samhæfingu við móttöku og aðstoð við flóttafólk og tryggja sameiginlegan skilning allra aðila að samningi þessum. Þá er ráðuneytinu heimilt að bjóða einstaka gestum á fundi nefndarinnar sem fara með þjónustu við flóttafólk samkvæmt samningum við ráðuneytið.

5. gr. Ábyrgð Vinnumálastofnunar.

Vinnumálastofnun, að höfðu samráði við viðkomandi sveitarfélag, býður einstaklingum með vernd skv. 1. mgr. 3. gr. a laga um málefni innflytjenda að setjast að í tilteknu sveitarfélagi á grundvelli þeirra upplýsinga sem fyrir liggja.

Þegar heildarnýting plássá í samræmdri móttöku sveitarfélaga er komin í 85% á landsvísu er Vinnumálastofnun heimilt að hefja forgangsroðun einstaklinga með vernd skv. 1. mgr. inn í þjónustu hjá sveitarfélagi samkvæmt samningi þessum og skal þá fyrst og fremst byggja á þörf viðkomandi fyrir slíka þjónustu og eftir atvikum öðrum faglegum forsendum.



Vinnumálastofnun skal hafa umsjón með og standa fyrir samráði milli þeirra aðila hér á landi sem koma að samræmdri móttöku. Þá skal Vinnumálastofnun veita sveitarfélögum faglegar leiðbeiningar og ráðgjöf vegna þátttöku þeirra í samræmdri móttöku.

Vinnumálastofnun skipuleggur tvo starfsdaga árlega vegna fræðslu og endurmenntunar málstjóra.

Vinnumálastofnun er falið að sjá notendum fyrir íslenskukennslu og samfélagsfræðslu. Á vegum Vinnumálastofnunar stendur notendum jafnframt til boða náms- og starfsráðgjöf, aðstoð við atvinnuleit og aðra virkni tengd atvinnuþátttöku.

Liggi fyrir samþykki um fjölskyldusameiningu skal unnið að móttöku fjölskyldunnar og tengja hana við ákveðið sveitarfélag.

Í tilfellum fjölskyldusameininga við fylgdarlaus börn hér á landi skal Vinnumálastofnun, með hagsmuni barnsins í fyrirrími, leitast við að tryggja barninu áframhaldandi búsetu í því sveitarfélagi sem það hefur dvalið í. Þiggi fjölskyldan boð um að flytjast í ákveðið sveitarfélag skal Vinnumálastofnun undirbúa komu fjölskyldunnar til landsins í samráði við sveitarfélagið. Vinnumálastofnun, í samráði við sveitarfélag, sendir umsókn til Alþjóðlegu fólksflutningstofnunarinnar (IOM - International Organization for Migration) vegna ferðabeiðni. Vinnumálastofnun upplýsir sveitarfélag þegar komudagur fjölskyldunnar liggur fyrir og greiðir samkvæmt samningi þessum fyrir fjölskylduna líkt og um kvótaflóttafólk væri að ræða.

Vinnumálastofnun hefur milligöngu um umsóknir til IOM vegna fjölskyldusameininga í þeim tilvikum þegar fólk er án ferðaskilríkja eða þarf aðstoð við að ferðast vegna sérstaklega viðkvæmrar stöðu, svo sem vegna fötlunar.

Vinnumálastofnun veitir einstaklingum með vernd skv. 1. mgr., sem ekki þigga boð um búsetu í móttökusveitarfélagi, upplýsingar um almenna þjónustu sveitarfélaga.

6. gr.

Þjónusta við notendur.

Með samningi þessum tekur þjónustusali að sér að veita notendum, sem vísað er til sveitarfélagsins af hálfu Vinnumálastofnunar og hafa þegið boð um að setjast að í sveitarfélaginu og skráð þar lögheimili sitt, aukna þjónustu í formi stuðnings og ráðgjafar.

Tekið skal mið af einstaklingsbundnum þörfum hvers og eins notanda við veitingu þjónustunnar.

Þjónusta sveitarfélags samkvæmt samningi þessum skal vara að hámarki í þrjú ár frá verndarveitingu viðkomandi. Þrátt fyrir framangreint getur viðkomandi hvenær sem er lokið þjónustu fyrir það tímamark að eigin ósk eða samkvæmt mati fagaðila sveitarfélagsins. Sveitarfélag skal tilkynna Vinnumálastofnun um lok þjónustu einstaklings í samræmdri móttöku eigi síðar en tveimur vikum frá þjónustulokum. Óski viðkomandi eftir umræddri þjónustu á ný skal þjónustusali, að höfðu samráði við Vinnumálastofnun, veita viðkomandi slíka þjónustu, sé svigrúm til þess innan samningsins, og skal gildistími þjónustu við viðkomandi taka mið af þeim tíma sem notandi hefur áður verið í þjónustu samræmdrar móttöku.

Flytjist notandi úr sveitarfélagi meðan á samræmdri móttöku viðkomandi stendur skal þjónustusali tilkynna um slíkt til Vinnumálastofnunar eigi síðar en tveimur vikum frá flutningi. Sé það sveitarfélag sem viðkomandi flyst til einnig þáttakandi í samræmdri móttöku er unnt að óska eftir því við Vinnumálastofnun að greiðslur vegna viðkomandi flytjist enn fremur á milli sveitarfélaga.



7. gr.

Inntak aukinnar þjónustu sveitarfélags.

Þjónusta samkvæmt samningi þessum kemur til viðbótar við rétt notanda samkvæmt gildandi lögum, svo sem lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991.

Þegar notandi hefur þegið boð um að setjast að í tilteknu sveitarfélagi skal viðkomandi hefja búsetu í sveitarfélaginu innan átta vikna frá því að hann hefur þegið boð sveitarfélagsins um móttöku. Þjónustusali tryggir, eins og kostur er, að notanda standi til boða húsnæði til leigu að jafnaði innan átta vikna frá því að hann hefur þegið boð sveitarfélagsins um móttöku. Geti sveitarfélag ekki tryggt húsnæði innan þess tíma skal sveitarfélagið útvega bráðabirgðahúsnæði, eins og kostur er. Taka skal tillit til fjölskylduaðstæðna notanda. Ef aðstæður notanda eru með þeim hætti að þörf er á sérstökum ráðstöfunum skal þjónustusali leitast við að tryggja húsnæði sem mætir slíkum þörfum, svo sem vegna fötlunar, heilsufarsaðstæðna, öldrunar eða stöðu að öðru leyti.

Þjónustusali aðstoðar notanda við að útvega húsbúnað samkvæmt lista frá Vinnumálastofnun, sbr. fylgiskjal 2, og tekur mið af fjölskyldusamsetningu og komutíma.

Notendum skal standa til boða ráðgjöf og þjónusta þjónustusala í samræmi við samning þennan. Viðtöl, ráðgjöf og veiting þjónustu skal fara fram á tungumáli sem notandi skilur og skal honum tryggð túlkun á máli sem hann skilur. Notanda skal tryggð öll almenn félagsleg ráðgjöf samkvæmt lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga, en til viðbótar skal tryggja notanda aukinn stuðning og leiðbeiningar í samræmi við stöðu notanda hverju sinni.

Við veitingu þjónustu skal ávallt tekið tillit til fjölskylduaðstæðna notanda. Koma skal til móts við sérstakar þarfir barna og tekið skal tillit til réttinda þeirra og mikilvægi þess að þau hafi tækifæri á að taka virkan þátt í samfélaginu.

Við veitingu þjónustunnar skal líta til leiðbeinandi reglna fyrir sveitarfélög um móttökuþjónustu og aðstoð við félagslega þátttöku flóttafólks sem velferðarráðuneytið gaf út árið 2014.

8. gr.

Málstjóri.

Samkvæmt samningi þessum ber þjónustusali ábyrgð á málstjórn notanda sem hefur það að markmiði að stuðla að aukinni heildarsýn, samfelli í þjónustu og sveigjanleika þjónustunnar. Málstjóri er starfsmaður félagsþjónustu þjónustusala.

Málstjóri skal vinna stuðningsáætlun ásamt notanda, með þarfir viðkomandi að leiðarljósi. Markmið stuðningsáætlunar skal miða að því að efla getu og færni notanda í að verða virkur þátttakandi í samfélaginu. Áætlunin skal unnin með helstu þjónustuaðilum sem koma að veitingu þjónustu og stuðningsúrræða. Málstjóri skal upplýsa notendur um þau úrræði sem standa til boða og tryggja samvinnu á milli allra þjónustuaðila sem skilgreindir eru í stuðningsáætlun notanda.

Í stuðningsáætlun notanda skal setja tímasett persónuleg markmið sem unnið er að hverju sinni sem og virkniúrræði. Má þar nefna íslenskunám, samfélagsfræðslu, nám, starfsþjálfun til undirbúnings þátttöku á vinnumarkaði svo og almenna atvinnuþátttöku. Auk þess skulu stuðningsáætlanir tilgreina þann sálfélagslega stuðning og þá ráðgjöf sem viðkomandi þarf á að halda m.t.t. fjölskyldugerðar og þarfa barna.



Málstjóri skal endurskoða stuðningsáætlunina að jafnaði þrisvar á ári, eða eftir þörfum að mati málstjóra, svo tryggt sé að tekið sé mið af breyttum þörfum eða aðstæðum í lífi notanda.

Málstjóri ber ábyrgð á því að fá þjónustu túlks þegar þess er þörf.

Eftirfylgni með stuðningi við börn, öðrum en þeim er við kemur barnaverndarmálum, er á verksviði málstjóra sveitarfélags.

Málstjóri skal vera notanda til stuðnings vegna umsóknarferlis við fjölskyldusameiningu, óski viðkomandi eftir því, og eftir atvikum senda beiðni til Vinnumálastofnunar vegna fjölskyldusameiningar. Málstjóra er jafnframt falið að styðja við fjölskyldusameiningu vegna fylgdarlausra barna og aðstoðar fjölskyldur fylgdarlausra barna við umsókn þeirra um fjölskyldusameiningu hér á landi.

9. gr. Eftirlit.

Þjónustukaupi hefur eftirlit með framkvæmd þjónustu á grundvelli samningsins, s.s. með nýtingu fjármuna sem greiddir eru á grundvelli samningsins og framkvæmd þjónustusala á samningi þessum m.a. hvað varðar aðbúnað notenda og inntak þjónustu. Þjónustusali veitir þjónustukaupa upplýsingar sem kallað er eftir vegna eftirlits með framkvæmd samningsins eða vegna opinberrar upplýsingagjafar.

10. gr. Breytingar á samningi og endurskoðun.

Samningi þessum verður ekki breytt nema með skriflegu samkomulagi aðila.

Verði breytingar á gildandi lögum, reglugerðum eða fyrirkomulagi er varða þjónustu við notendur skal samningur þessi og viðaukar við hann endurskoðaðir svo fljótt sem verða má. Hafi breytingarnar áhrif á kostnað þjónustusala verða fjárframlög samkvæmt samningnum endurskoðuð í samræmi við breyttan kostnað.

Verði breytingar á fjárframlögum samkvæmt samningi þessum á grundvelli ákvörðunar Alþingis um fjárveitingu í fjárlögum til málaflokks 29.70 eða á grundvelli þess að stjórnvöld þurfi að gera breytingar á fjárframlögum vegna aðstæðna í ríkisfjármálum þá skal samningurinn endurskoðaður m.t.t. skerðingar á þjónustu þjónustusala á grundvelli skertra fjárframlaga.

Samningsaðilar geta óskað eftir endurskoðun á samningi þessum hvenær sem er á gildistíma samningsins. Gagnkvæmur uppsagnarfrestur samnings þessa er þrjú mánuðir. Uppsögn skal vera skrifleg.

Samningsaðilar eru sammála um að komið verði á fót starfshópi með það að markmiði að endurskoða samninginn um samræmda móttöku flóttafólks og koma með tillögu að nýjum samningi til framtíðar. Lagt er til að í starfshópnum sitji m.a. fulltrúar þeirra ráðuneyta sem koma að málaflokknum, svo sem félags- og vinnumarkaðsráðuneytis, mennta- og barnamálaráðuneytis, heilbrigðisráðuneytis og innviðaráðuneytis. Stefnt skal að því markmiði að starfshópurinn hefji störf eigi síðar en 31. mars 2024.

11. gr. Persónuvernd.

Samningsaðilar skulu fara að lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, nr. 90/2018, og öðrum þagnarskylduákvæðum sem málefni notenda varða.



FRNXXXXXXXXX
FRKXXXXXXXXX

Í samræmi við 3. gr. a og b laga um málefni innflytjenda og 5. gr. þessa samnings er Vinnumálastofnun ábyrgðaraðili að vinnslu persónuupplýsinga við samræmda móttöku flóttafólks og þörun þeirra við sveitarfélag. Þar á meðal öflun persónuupplýsinga frá opinberum aðilum og miðlun þeirra til sömu aðila, sbr. 1. og 2. mgr. 3. gr. b laga um málefni innflytjenda. Vinnumálastofnun ber ábyrgð á að vinnsla persónuupplýsinga á sínum vegum samræmist meginreglum persónuverndarlaga, að öryggi þeirra sé gætt og trúnaður haldinn. Vinnumálastofnun ber ábyrgð á að afgreiða erindi einstaklinga vegna vinnslu persónuupplýsinga vegna samræmdrar móttöku flóttafólks, tilkynna öryggisbresti til Persónuverndar og hinna skráðu, sem og ábyrgð á öðrum kröfum persónuverndarlaga, þar á meðal að upplýsa hina skráðu um vinnsluna skv. 4. mgr. 3. gr. b laga um málefni innflytjenda.

Þjónustusali vinnur persónuupplýsingar um notendur á grundvelli heimilda sinna í lögum nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga. Þjónustusali ber ábyrgð á að vinnsla persónuupplýsinga sem hann viðtekur frá Vinnumálastofnun vegna samræmdrar móttöku flóttafólks og verða til við veitingu þjónustunnar, samræmist meginreglum persónuverndarlaga, að öryggi þeirra sé gætt og trúnaður haldinn. Þjónustusali ber ábyrgð á að afgreiða erindi einstaklinga vegna vinnslu persónuupplýsinga í tengslum við veitingu þjónustunnar til notenda, tilkynna öryggisbresti sem verða við veitingu þjónustunnar til Persónuverndar og hinna skráðu sem og ábyrgð á öðrum kröfum persónuverndarlaga.

Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið ber ábyrgð með þjónustusala á því að vinnsla persónuupplýsinga við veitingu þjónustunnar skv. 7. gr. þessa samnings eigi sér viðhlítandi stoð í 9. og 11. gr. persónuverndarlaga.

Aðilar skulu aðstoða hverja aðra eftir fremsta megni við að uppfylla ákvæði persónuverndarlaga. Aðilar skulu upplýsa hverja aðra um atriði er skipta máli og varða vinnsluna, svo sem ef öryggisbrestir verða og hvort þeir hafi verið tilkynntir til viðeigandi aðila.

12. gr.

Meðferð ágreiningsmála o.fl.

Komi upp ágreiningur um framkvæmd eða túlkun samningsins skulu samningsaðilar leitast við að leysa slík mál sín á milli án atbeina dómstóla. Mál sem rísa kunna vegna brota á samningi þessum eða vegna ágreinings um túlkun hans skulu rekin fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

Þjónustukaupi getur frestað eða fellt niður greiðslur falli þjónusta þjónustusala niður eða hún er ekki veitt í samræmi við samning þennan, upplýsingum er ekki skilað á réttum tíma eða gæði þjónustunnar uppfyllir ekki kröfur samkvæmt samningi þessum.

Séu vanefndir samningsaðila verulegar eða ef ekki næst að leysa úr ágreiningi er heimilt að rifta samningnum með þriggja mánaða fyrirvara.

13. gr.

Framsal og aðkeypt þjónusta.

Þjónustusala er óheimilt að framselja skyldur samkvæmt samningi þessum. Honum er þó heimilt að semja við aðra aðila um að veita tiltekna þætti þjónustunnar og ber þá ábyrgð á henni með sama hætti og ef hún væri á eigin hendi.

14. gr.

Gildistími.

Samningur þessi er gerður í samræmi við 40. gr. laga um opinber fjármál, nr. 123/2015, og gildir frá 1. janúar 2024 til 30. júní 2024 með heimild til framlengingar um sex mánuði til viðbótar, þ.e. til 31.



FRNXXXXXXXXX
FRKXXXXXXXXX

desember 2024, svo framarlega sem starfshópur skv. 5. mgr. 10. gr. samningsins hafi verið starfræktur um endurskoðun samnings um samræmda móttöku flóttafólks.

15. gr.

Frumrit samnings.

Samningur þessi er gerður í þremur samhljóða eintökum og telst hvert um sig fullgilt frumrit. Eitt eintak skal vera í vörslu þjónustukaupa, eitt eintak í vörslu Vinnumálastofnunar og eitt eintak í vörslu þjónustusala.

x. febrúar 2024

Guðmundur Ingi Guðbrandsson
Félags- og vinnumarkaðsráðherra

Einar Þorsteinsson
Borgarstjóri Reykjavíkur

Unnur Sverrisdóttir
Forstjóri Vinnumálastofnunar

Fylgiskjal:

- Kostnaðarlíkan, dags. 3. janúar 2024.
- Listi Vinnumálastofnunar yfir húsbúnað.

Nafn sveitarfélags

Fjöldi			
Alþjóðleg vernd - Komin til landsins	ár 1	ár 2	ár 3
Einst. án barns	0	0	0
Hjón án barns (2 einst. = 1 hjón)	0	0	0
Pr. barn	0	0	0

Fjöldi			
Kvótaflóttafólk - Ekki komin til landsins	ár 1	ár 2	ár 3
Einst. án barns	0	0	0
Hjón án barns (2 einst. = 1 hjón)	0	0	0
Pr. barn	0	0	0

Alþjóðleg vernd - Komin til landsins	Greitt f. Ár 1	Greitt f. Ár 2	Greitt f. Ár 3
Einst. án barns - Alþjóðleg vernd	- kr	- kr	- kr
Hjón án barns - Alþjóðleg vernd	- kr	- kr	- kr
Pr. barn - Alþjóðleg vernd	- kr	- kr	- kr
Samtals greitt	- kr	- kr	- kr
Stöðugildi	0,00	0,0	0,0

Kvótaflóttafólk - Ekki komin til landsins	Greitt f. Ár 1	Greitt f. Ár 2	Greitt f. Ár 3
Einst. án barns - Alþjóðleg vernd	- kr	- kr	- kr
Hjón án barns - Alþjóðleg vernd	- kr	- kr	- kr
Pr. barn - Alþjóðleg vernd	- kr	- kr	- kr
Samtals greitt	- kr	- kr	- kr
Stöðugildi	0,0	0,0	0,0

Samtals - Alþjóðleg vernd	- kr
Samtals - Kvótaflóttafólk	- kr
Samtals Greitt	- kr
Fjöldi stöðugilda	0,0

* Fjárhæðir og stöðugildi eru áætlaðar út frá reiknilíkani Félags- og vinnumarkaðsráðuneytisins. Birt með fyrirvara um að hér er átt við heil almanaksár og villur í reikniverki

0,0

0,0

<- Slá inn fjölda eftir tegund skilgreiningar og árs í þjónustu

<- Prentsvæði

Listi yfir húsbúnað í húsnæði fyrir flóttafólk

Tryggja þarf í upphafi verkefnis að flóttafólk hafi aðgang að nauðsynlegum húsbúnaði, heimilistækjum, öryggistækjum og hreinlætisvörum. Eftirfarandi listi er til viðmiðunar en sveitarfélagið metur þörfina eftir fjölskyldustærð og aðstæðum.

Húsbúnaður sem keyptur er verður eign þátttakanda. Þegar gera þarf við eða endurnýja húsbúnað, heimilistæki, öryggistæki og hreinlætisvörur skal það gert á kostnað og ábyrgð þátttakanda.

Húsbúnaður

- Rúm og dýnur (eða dýnur með fótum)
- Sængur og koddar
- Lök og sængurver
- Herðatré og fatahirslur, ef ekki er skápur í herbergjum
- Gardínur
- Handklæði
- Sófi og sófaborð
- Eldhúsborð og stólar
- Matarstell (diskar og súpuskálar)
- Glös
- Bollar/könnur
- Hnífaparasett
- Beittur hnífur og skurðbretti
- Pottur og panna (pottasett fyrir fjölskyldur)
- Spaðar og sleifar
- Skál með loki

Heimilistæki

- Þvottavél
- Ísskápur

Öryggistæki

- Eldvarnarteppi
- Reykskynjari

Listi yfir húsbúnað í húsnæði fyrir flóttafólk

Hreinlætisvörur

- Eldhúsrúlla
- Klósettpappír
- Tuskur og viskastykki
- Uppþvottalögur
- Uppþvottabursti
- Klósettbursti
- Klósett sápa
- Kústur og fægiskófla
- Moppa og skúringafata
- Sápa fyrir þrif á gólfi, eldhúsi og baði



Borgarráð

Tillaga að samningum við ríkið um samræmda móttöku flóttafólks

Lagt er til að heimild verði veitt til að undirrita þjónustusamning við félags- og vinnumarkaðsráðuneytið um samræmda móttöku flóttafólks, sem kveður á um að Reykjavíkurborg taki á móti allt að 1500 flóttamönnum á samningstímanum 1. október 2022 til 31. desember 2023. Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið greiðir allan kostnað vegna samningsins í samræmi við kostnaðarlíkan sem honum fylgir.

Þá er jafnframt lagt til að heimild verði veitt til að undirrita viðauka við þjónustusamning um móttöku, aðstoð og þjónustu við hóp flóttafólks frá 4. febrúar 2021, en viðaukinn kveður á um greiðslur fyrir þá þjónustu sem var veitt flóttafólki í samræmdri móttöku frá 1. apríl - 30. september 2022. Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið greiðir allan kostnað vegna viðaukans sem byggir á kostnaðarlíkani með þjónustusamningnum um móttöku, aðstoð og þjónustu við hóp flóttafólks frá 4. febrúar 2021.

Greinargerð:

Þann 10. desember 2020 samþykkti borgarráð að velferðarsvið Reykjavíkurborgar tæki þátt í tilraunarverkefni félagsmálaráðuneytisins um samræmda móttöku flóttafólks. Þjónustusamningur um móttöku, aðstoð og þjónustu við hóp flóttafólks var undirritaður af borgarstjóra og félagsmálaráðherra 4. febrúar 2021 með gildistíma til 31. mars 2022.

Fimm sveitarfélög tóku þátt í tilraunaverkefninu: Reykjavík, Hafnarfjörður, Reykjanesbær, Akureyri og Árborg. Undir lok tilraunatímans fór af stað vinna hjá Sambandi Íslenskra sveitarfélaga og félags- og vinnumarkaðsráðuneytinu til að festa framkvæmdina í sessi. Settur var á laggirnar starfshópur sem í áttu sæti fulltrúar frá Sambandi Íslenskra sveitarfélaga, félags- og vinnumarkaðsráðuneytinu og frá nokkrum sveitarfélögum, m.a. Reykjavík og Reykjanesbæ. Starfshópurinn vann sniðmát að samræmdum þjónustusamningi fyrir öll sveitarfélög um samræmda móttöku flóttafólks, kröfulýsingu þar sem þjónustunni er lýst og kostnaðarlíkan sem endurspeglar áætlaðan tíma (klukkustundir) og tilheyrandi kostnað vegna þjónustu við fólk á flótta. Helstu breytingar frá fyrri samningi eru að greitt verður sérstaklega fyrir hvert barn í samræmdri móttöku en ekki eingöngu eitt gjald fyrir barnafjölskyldur óháð fjölda barna, tímum er einnig fjölgað fyrir sérstaka umsýslu og félagsráðgjöf og jafnframt gerðar breytingar á launatengdum gjöldum, þ.e. þau eru færð úr 30% í 35% og loks er 0,8% bætt við vegna fræðslu.

Ákveðið var í starfshópnum að samningur vegna kostnaðar við skólagöngu barna yrði skilinn frá og um hann gerður annar samningur. Ástæða þessa var að niðurbrot kostnaðar á skóla- og frístundasviði borgarinnar vegna flóttabarna lá ekki fyrir með jafn skýrum hætti og kostnaður vegna þjónustu við fjölskyldurnar og börnin á velferðarsviði borgarinnar auk þess sem sá kostnaður heyrir undir annað ráðuneyti, mennta- og barnamálaráðuneyti.



Eftir að samningsniðmát lá fyrir var ljóst að ákvæði í kröfulýsingu samningsins um skyldu sveitarfélaga að útvega flóttafólki húsnæði var verulega íþyngjandi fyrir sveitarfélögin, sérstaklega í ljósi þess mikla fjölda fólks sem var að flykkjast til landsins frá Úkraínu og Venesúela. Í hönd fóru því samningaviðræður við félags- og vinnumarkaðsráðuneytið um að ráðuneytið myndi slaka á þeirri kröfu og taka ábyrgð með borginni á útvegum húsnæðis. Þá var enginn samningur heldur í sjónmáli vegna skólagöngu flóttabarna og ljóst að verulega hallaði á Reykjavíkurborg við að sinna stuðningi við börn sem höfðu upplifað áföll og áttu að baki rofna skólagöngu.

Nú hefur ráðuneytið orðið við beiðni Reykjavíkurborgar og annarra sveitarfélaga um að taka einnig ábyrgð á að útvega húsnæði með sveitarfélögunum og hefur kröfulýsingu verið breytt til samræmis. Ríkið mun því taka þátt í húsnæðisleit og annast leigu á hentugu húsnæði sem það framleigir til sveitarfélaga. Hjá Reykjavíkurborg verður það Eignaskrifstofa borgarinnar sem mun annast leigusamninga við ríkið og Félagsbústaðir munu sjá um að innheimta leigu hjá nýjum íbúum borgarinnar.

Markmið Reykjavíkurborgar er að veita að jafnaði þriðjungi þeirra flóttamanna sem koma til landsins þjónustu undir samningnum. Samningurinn sem áætlað er að verði afturvirkur og taki gildi 1. október 2022 kveður því á um að Reykjavíkurborg geti tekið við að lágmarki 700 flóttamönnum í samræmda móttöku og að hámarki 1500 á samningstímanum. Þá er jafnframt kveðið á um að samningurinn heimili að allt að 1300 flóttamenn séu í samræmdri móttöku á fyrsta ári samningsins. Stefni í að sá fjöldi verði meiri en 1500 einstaklingar er nauðsynlegt að stækka samninginn en í 13. gr. er ákvæði um endurskoðun hans.

Kostnaðarlíkan samningsins tekur tillit til og áætlar tíma fyrir vinnu sem er umfram lögbundna þjónusta hjá sveitarfélögum. Þessi aðferðafræði er góð og gild þegar um ræðir hefðbundinn flóttamannastraum en í ljósi þeirrar gríðarlegu fjölgunar á flóttafólki sem orðið hefur síðustu mánuði má deila um hvort hún sé sanngjörn og eðlileg. Reykjavíkurborg hefur gagnrýnt að aðferðafræðinni sé beitt við þessar aðstæður og er vert að endurskoða framkvæmdina ef og þegar til endurnýjunar samningsins kemur. Sú umframþjónusta sem samningurinn tekur til er vinna í tengslum við ráðgjöf, virkni og aðra aðstoð, sérstök umsýsla vegna flóttafólks, barna þeirra og svo öflun húsnæðis.

Líkaninu er skipt niður í tvo meginhópa, þ.e. aðstoð við fólk sem komið er til landsins og fær vernd og svo kvótaflóttafólk. Ástæða þessa greinarmunar, sem gerður var við gerð samningsins, er sú að talið var að fólk sem væri komið til landsins hefði ákveðið forskot og væri komið lengra en kvótaflóttafólk sem þyrfti að jafnaði meiri aðstoð. Hins vegar má draga í efa gagnsemi þessarar skiptingar í ljósi þess að andleg líðan og geðheilsa umsækjenda um alþjóðlega vernd sem fá stöðu flóttamanna er alla jafna ekki góð. Spilar þar inn í að fólk er oft búið að vera á flóttu og hefur búið við mikið óöryggi um langan hríð, og þar spilar líka inn í biðin eftir efnislegri niðurstöðu umsóknar um alþjóðlega vernd. Það sama gildir um börnin sem oft eiga áföll og brotna skólagöngu að baki eins og fyrr segir. Vert er að endurskoða þennan þátt kostnaðarlíkansins ef og þegar samningurinn verður endurnýjaður. Líkanið skiptir síðan hvorum hópi fyrir sig niður eftir því hvort um einstakling eða hjón sé að ræða og hversu mörg börn fylgja. Sjá nánar meðfylgjandi kostnaðarlíkan. Líkanið miðar við þrjú ár og er mestur kostnaður greiddur á fyrsta ári þegar þörf er á mestri þjónustu en svo minnkar kostnaður ár frá ári. Gildistími samningsins er þó einungis til loka desember 2023 en það skýrist af því að kostnaðarmat fyrir samningana fór fram úr fjárheimildum félags- og vinnumarkaðsráðuneytisins fyrir verkefni sökum aukins fjölda flóttafólks hér á landi og þar af leiðandi aukins fjölda einstaklinga í samræmdri móttöku. Fjármagn til verkefnisins er því eingöngu tryggt af ríkinu út árið 2023 en félags- og vinnumarkaðsráðuneytið vinnur að því að færa samningana inn í fjármálaáætlun til næstu fimm ára.



Kostnaðarlíkanið á að jafna út kostnað vegna þeirra sem þurfa mikla þjónustu og þeirra sem þurfa litla þjónustu. Hins vegar hefur velferðarsvið Reykjavíkurborgar nokkrar efasemdir um að niðurstaðan verði sanngjörn þegar öllu er á botninn hvolft, vegna einstaklinga, bæði barna og fullorðinna, sem þurfa mikla og dýra þjónustu sökum fötlunar. Fylgst verður með kostnaðinum og eftir atvikum lagðar til breytingar á kostnaðarlíkaninu ef og þegar kemur að endurnýjun samningsins.

Kostnaður vegna útlagðs kostnaðar sveitarfélags er varðar flóttafólk, s.s. fjárhagsaðstoð vegna framfærslu, húsbúnaðarstyrkur o.fl. er áfram endurgreiddur af félags- og vinnumarkaðsráðuneyti í tvö ár samkvæmt 15. gr. laga nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga.

Auk samningsins um samræmda móttöku flóttafólks er jafnframt lagt til að viðauki við eldri þjónustusamning um móttöku, aðstoð og þjónustu við hóp flóttafólks frá 4. febrúar 2021 verði undirritaður. Vegna þess tíma sem leið frá því að eldri samningur rann út 31. mars 2022 og samningarviðræður stóðu yfir þá eru um sex mánuðir þar sem flóttafólk var tekið inn í samræmda móttöku og naut þjónustu Reykjavíkurborgar án samnings og rúmlega 200 fleiri en eldri samningur kvað á um. Viðaukinn tryggir greiðslur fyrir þá þjónustu.

Hér að neðan má sjá yfirlit yfir áætlaðan kostnað.

Samræmd móttaka flóttafólks						
Kostnaður pr. klst.	6.648					
	Ár 1		Ár 2		Ár 3	
Einstaklingur án barns	Fjöldi klst	Kostnaður	Fjöldi klst	Kostnaður	Fjöldi klst	Kostnaður
Félagssráðgjöf	33	219.399	27	179.508	18	119.672
Sérstök umsýsla	17	113.024	0	0	0	0
Húsnæði	21	139.617	0	0	0	0
Samtals	71	472.040	27	179.508	18	119.672
	Ár 1		Ár 2		Ár 3	
Hjón án barns	Fjöldi klst	Kostnaður	Fjöldi klst	Kostnaður	Fjöldi klst	Kostnaður
Félagssráðgjöf	41	275.911	31,5	209.426	18	119.672
Sérstök umsýsla	17	113.024	0	0	0	0
Húsnæði	21	139.617	0	0	0	0
Samtals	79	528.552	32	209.426	18	119.672
	Ár 1		Ár 2		Ár 3	
Pr. barn	Fjöldi klst	Kostnaður	Fjöldi klst	Kostnaður	Fjöldi klst	Kostnaður
Félagssráðgjöf	3	19.945	3	19.945	1	6.648
Sérstök umsýsla	6	39.891	0	0	0	0
Húsnæði	0	0	0	0	0	0
Samtals	9	59.836	3	19.945	1	6.648
Fjöldi viktora vinnustunda á mánuði	156					
Fjöldi viktora vinnustunda á ári	1.872					
Hvað nær einn félagssráðgjafi að sinna mörgum?						
Einstaklingar án barna	26					
Hjón án barna	24					
Hjón með tvö börn	19					
Hjón með þrjú börn	17					



Reykjavíkurborg

Jafnréttisskimun fylgir tillögunni en ekki er talin þörf á jafnréttismati.

Dagur B. Eggertsson
borgarstjóri

Hjálagt:

Minnisblað um samræmda móttöku flóttafólks, dags. 10. nóvember 2022.

Drög að þjónustusamningi um samræmda móttöku flóttafólks

Kröfulýsing, þjónusta móttökusveitarfélaga vegna samræmdrar móttöku flóttafólks, fyrsta útgáfa, nóvember 2022.

Kostnaðarlíkan með samningi um samræmda móttöku flóttafólks, dags. 26. september 2022.

Drög að viðauka við samninginn um móttöku, aðstoð og þjónustu við hóp flóttafólks frá 4. febrúar 2021, ásamt fylgiskjali.

Kostnaðarlíkan með viðauka við þjónustusamning milli félags- og vinnumarkaðsráðuneytisins og Reykjavíkurborgar, nóv. 2022.

Jafnréttisskimun, dags. 7. nóvember 2022.



MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Borgarráð

Sendandi: Aðalbjörg Traustadóttir, starfandi sviðsstjóri velferðarsviðs

Efni: ***Þjónusta Reykjavíkurborgar við flóttafólk sem hefur fengið stöðu flóttamanns á grundvelli alþjóðlegrar verndar eða mannúðarsjónarmiða***

I. Forsaga.

Alþjóðateymi velferðarsviðs Reykjavíkurborgar var stofnað um áramótin 2021/2022 í samræmi við velferðarstefnu borgarinnar þar sem lögð er áhersla á að efla þjónustu við fólk af erlendum uppruna. Alþjóðateymið er með starfsstöð í Suðurmíðstöð en þjónar fólk af erlendum uppruna í öllum hverfum borgarinnar. Meginverkefni Alþjóðateymis er samræmd móttaka flóttafólks og umsækjenda um alþjóðlega vernd.

Þjónustusamningur um móttöku, aðstoð og þjónustu við flóttafólk var undirritaður af borgarstjóra og félagsmálaráðherra 4. febrúar 2021 með gildistíma til og með 31. mars 2022. Samningurinn kvað á um tilraunaverkefni um samræmda móttöku flóttafólks.

Þess fyrir utan er nokkur hundruð flóttafólks utan samræmdrar móttöku flóttafólks sem fá þjónustu í miðstöðvum velferðarsviðs. Þjónusta við flóttafólk tekur mið af leiðbeinandi reglum fyrir sveitarfélög um móttökupjónustu og aðstoð við félagslega þátttöku flóttafólks sem gefnar voru út árið 2014 af velferðarráðuneytinu (núverandi félags- og vinnumarkaðsráðuneyti).

II. Núverandi staða

Nú eru 784 í þjónustu samræmdrar móttöku flóttafólks og á næstu dögum munu 35 einstaklingar bætast við vegna níu fjölskyldusameininga. Þá verður fjöldinn kominn upp í 820 manns. Það mæðir mikið á starfsfólkinu ekki síst vegna ástandsins á leigumarkaði sem er mjög erfitt. Oftar en ekki þegar fólk missir skammtíma búsetuúrræði sitt hjá teymi umsækjenda um alþjóðlega vernd eða Vinnumálastofnun þá þarf að finna annað tímabundið búsetuúrræði fyrir fólk á gistiheimilum eða hótélum þangað til það getur flutt í leiguíbúð. Dæmi eru um að fólk með börn hefur þurft að fara á milli fimm mismunandi búsetuúrræða áður en það kemst í sína eigin leiguíbúð. Þetta á einnig við um flóttafólk sem kemur í gegnum fjölskyldusameiningu. Til viðbótar hafa um 500 manns utan samræmdrar móttöku flóttafólks fengið þjónustu á miðstöð í sínu hverfi sem hefur skapað mikið viðbótarálag á bæði þjónustufulltrúa og ráðgjafa í miðstöðvum borgarinnar. Mest hefur mætt á Vestur- og Norðurmíðstöð en einnig Austur- og Suðurmíðstöð.

Heildarfjöld umsækjenda um alþjóðlega vernd 7. nóvember 2022 er 3507 og þar af eru 2026 umsækjendur með úkraínsk ríkisfang. Næstfjölmennasti hópurinn kemur frá Venesúela og þaðan hafa komið 771 einstaklingar.



Eins og fyrr segir rann samningurinn um samræmda móttöku flóttafólks út 31. mars sl. Sá samningur gerði ráð fyrir að samræmda móttakan væri að þjónusta 500 manns. Í kjölfar stríðsátakanna í Úkraínu og hörmungarástandsins í Venesúela jókst hins vegar fjöldi flóttafólks til landsins á gífurlega á stuttum tíma sem skýrir núverandi ástand.¹

Móttaka flóttafólks sem fær hópavernd frá Úkraínu og Venesúela hefur gengið framur vonum enda tóku ríki, sveitarfélög, frjáls félagasamtök og sjálfboðaliðar höndum saman og leituðu leiða til að gera allt ferlið eins auðvelt og mögulegt var. Á sama tíma hefur skapast mikið álag vegna þjónustu til handa flóttafólki í Reykjavík eins og fyrr segir.

III. Nýr samningur.

Nýr samningur var kynntur fyrir sveitarfélögum landsins af Sambandi íslenskra sveitarfélaga þann 28. ágúst sl. Um efni samningsins sem Reykjavíkurborg hefur gert er vísað í minnisblað um heimild til undirritunar tveggja samninga um samræmda móttöku flóttafólks. Markmið Reykjavíkurborgar er að veita að jafnaði 1/3 þeirra flóttamanna sem koma til landsins þjónustu undir samningnum. Samningurinn sem tekur gildi 1. október 2022 kveður því á um að Reykjavíkurborg geti tekið við að lágmarki 700 flóttamönnum í samræmda móttöku og að hámarki 1500 á samningstímanum. Þá er jafnframt kveðið á um að samningurinn heimili að allt að 1300 flóttafólk séu í samræmdri móttöku á fyrsta ári samningsins. Stefni í að sá fjöldi verði meiri en 1500 einstaklingar er nauðsynlegt að stækka samninginn en í 13. gr. er ákvæði um endurskoðun hans.

¹ Flóttafólk í samræmdri móttöku er hægt að flokka með eftirfarandi hætti:

- „**Kvótaflóttafólk**“ – kemur í boði stjórnvalda eftir að hafa verið valið í samráði við Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna
- **Fjölskyldusameining** (makar og/eða börn)
- Fólk sem fær stöðu/dvalarleyfi á grundvelli alþjóðlegrar verndar eða mannúðarsjónarmiða sem **umsækjendur um alþjóðlega vernd**.
- Flóttafólk sem í samræmi við tilmæli Flóttamannastofnunarinnar fær skilyrðislausu viðbótarvernd skv. lögum um útlendinga með vísan til almennra aðstæðna í heimalandi óháð einstaklingsbundnum aðstæðum sbr. flóttafólk frá **Venesúela**.
- Flóttafólk sem kemur á grundvelli 44. gr. laga um útlendinga sbr. flóttafólk frá **Úkraínu** sem fær vernd á grundvelli hópmarks að fenginni umsókn um alþjóðlega vernd.



Þjónustusamningur um samræmda móttöku flóttafólks

1. gr.

Gildissvið og markmið

Samningur þessi tekur til þjónustu móttökusveitarfélags vegna samræmdrar móttöku flóttafólks samkvæmt kröfulýsingu sem félags- og vinnumarkaðsráðuneytið hefur gefið út og er fylgiskjal 1 með samningi þessum. Í kröfulýsingunni er að finna lýsingu á þeim lágmarkskröfum sem ráðuneytið gerir til móttökusveitarfélaga vegna samræmdrar móttöku flóttafólks á rekstrarfyrirkomulagi þjónustunnar og þjónustu við flóttafólk.

Markmið samningsins er að samræma móttöku flóttafólks þannig að ríki og sveitarfélög tryggja flóttafólki samfellda og jafna þjónustu óháð því hvaðan það kemur. Með samræmdu móttökukerfi flóttafólks er stefnt að því markmiði að tryggja flóttafólki nauðsynlega aðstoð til að vinna úr áföllum og að það fái tækifæri til virkrar þátttöku í samfélaginu, hvort sem það er á vinnumarkaði, vegna menntunar eða á öðrum sviðum.

2. gr.

Samningsaðilar

Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið, Skógarhlíð 6, 105 Reykjavík, kennitala: 521218-0610 (hér eftir nefndur þjónustukaupi).

Fjölmenningarsetur, Árnagata 2-4, 400 Ísafjörður, kennitala 521212-0630, sem tengir saman flóttafólk og þjónustusala á grundvelli þessa samnings.

Reykjavíkurborg, Tjarnargata 11, 101 Reykjavík, kennitala: 530269-7609 (hér eftir nefnt þjónustusali).

3. gr.

Ábyrgð þjónustukaupa

Með samningi þessum ber þjónustukaupi ábyrgð á að:

- Veita fjármagn til móttökuverkefnisins samkvæmt samningi þessum.
- Greiða fyrir þjónustu hjá Fjölmenningarsetri og Vinnumálastofnun eins og nánar er skilgreint í kröfulýsingu.
- Skipa Samstarfs- og samhæfingarnefnd sbr. kröfulýsingu.
- Annast eftirlit og úttektir eins og nánar er kveðið á um í kröfulýsingu.
- Veita fjármagn til þróunarverkefna sem tengjast verkefninu.
- Skipuleggja í samstarfi við Fjölmenningarsetur tvo starfsdaga árlega vegna fræðslu og endurmenntunar málstjóra.

4. gr.

Ábyrgð og verkefni þjónustusala

Með samningi þessum tekur þjónustusali að sér að vera móttökusveitarfélag fyrir flóttafólk samkvæmt skilgreiningu í kröfulýsingu, sbr. fylgiskjal 1, og hafa þegið boð um að setjast að í móttökusveitarfélagi og skráð þar lögheimili sitt (hér eftir nefndir notendur).

Þjónustusali samþykkir að veita að jafnaði þriðjungi flóttafólks sem koma til landsins þjónustu á grundvelli þessa samnings, en að lágmarki 700 en að hámarki 1500 notendum þjónustu.

Þjónustusali samþykkir að veita að hámarki 1300 notendum þjónustu á 1. ári í samræmdri móttöku.

Séu notendur þegar í þjónustu samræmdrar móttöku flóttafólks hjá þjónustusala við undirritun samnings þessa þá teljast þeir til þess heildarfjölda sem þjónustusali semur um að taka í þjónustu samkvæmt samningi þessum. Hafi sveitarfélag þegar verið þátttakandi í reynsluverkefni um samræmda móttöku við undirritun samnings þessa þá skal þjónustusali leggja fram þann fjölda sem þegar er í samræmdri móttöku þess og tilgreina þann heildarfjölda sem þjónustusali er tilbúinn til að taka á móti.

Greiðslur þjónustukaupa til þjónustusala miðast við þann fjölda notenda sem Fjölmeningarsetur hefur tilvísað í þjónustu til þjónustusala á gildistíma samningsins skv. 12. gr. og gerðar hafa verið stuðningsáætlanir fyrir.

Þjónustusali skal veita notanda einstaklingsmiðaða þjónustu í samræmi við kröfulýsingu og kostnaðarlíkan sem eru fylgiskjöl með samningi þessum. Þó skal þjónustusali að lágmarki veita notanda þjónustu annan hvern mánuð, svo sem í formi viðtals eða virkniúrræðis.

Á gildistíma þjónustu þjónustusala gagnvart notanda getur viðkomandi afþakkað þjónustuna og lokið henni áður en tímabilinu lýkur. Þjónustusali skal þá loka máli notanda. Óski viðkomandi eftir umræddri þjónustu á ný skal þjónustusali, að höfðu samráði við Fjölmeningarsetur, veita viðkomandi slíka þjónustu, sé svigrúm til þess skv. 2. og 3. mgr., og skal gildistími þjónustunnar þá taka mið af þeim tíma sem notandi hefur áður verið í þjónustu samræmdrar móttöku.

Flytjist notandi búferlum á milli sveitarfélaga á gildistíma samningsins geta sveitarfélög óskað eftir því við Fjölmeningarsetur að greiðslur skv. 5. og 6. gr. flytjist ennfremur á milli sveitarfélaga, enda séu bæði sveitarfélögin aðilar að verkefninu. Að höfðu samráði við Fjölmeningarsetur verður flutningur á greiðslum virkur frá og með öðrum mánuði eftir að lögheimili notanda er flutt. Frá fyrsta degi þess mánaðar telst það sveitarfélag sem flutt er til vera móttökusveitarfélag viðkomandi notanda.

Um ábyrgð og verkefni þjónustusala vísast til fyrrgreindrar kröfulýsingar þar sem kröfur til þjónustusala eru skilgreindar. Þá skal þjónustusali afla og miðla lykiltölum og gögnum um veitta þjónustu. Fenginn skal óháður aðili til þess að gera úttekt á verkefninu og skal þjónustukaupi standa straum af kostnaði við úttektina.

5. gr.

Fyrirkomulag greiðslna og reikningar

Við undirritun samnings þessa greiðir þjónustukaupi ársfjórðungslega fjárhæð til þjónustusala út gildistíma samnings þessa. Sá fjöldi notenda skv. 4. gr. sem greitt er fyrir tekur mið af fjölda tilvísana Fjölmeningarseturs til þjónustusala og fjölda stuðningsáætlana sem þjónustusali hefur skilað til Fjölmeningarseturs. Fjárhæðin reiknast samkvæmt kostnaðarlíkani, sem er fylgiskjal 2 með samningi þessum,

Greiðsla í samningi þessum kemur frá málaflokki 29.70, *Málefni innflytjenda og flóttamanna*, og fellur undir stefnu ráðherra á málefnasviði 29, *Fjölskyldumál*, sbr. 20. gr. laga um opinber fjármál nr. 123/2015.

Greiða skal inn á reikning þjónustusala, nr. 0101-26-56 af fjárlagalið þjónustukaupa: 07-999-149.

Ársfjórðungslega skal þjónustusali senda Fjölmeningarsetri yfirlit yfir veitta þjónustu samkvæmt sniðmáti sem þjónustukaupi ákveður hverju sinni. Fjölmeningarsetur fer yfir yfirlitið og samþykkir það eða kemur á framfæri athugasemdum og/eða óskar eftir skýringum eigi síðar en tveimur vikum frá því að yfirlitið berst. Þegar Fjölmeningarsetur hefur samþykkt yfirlit þjónustusala getur þjónustusali gefið út reikning og sent þjónustukaupa. Lokauppgjör skal gert eigi síðar en 1. september ár hvert.

6. gr.

Greiðslur

Greiðslur, aðrar en endurgreiðslur skv. 15. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991, þjónustukaupa til þjónustusala fyrir verkefni skv. kröfulýsingu eru:

- a) Vegna stuðnings, aðstoðar og ráðgjafar til notanda af hálfu félagsþjónustu þjónustusala. Greiðslurnar byggja á kostnaðarlíkani, sem er fylgiskjal 2 með samningi þessum, sem greinir umfang þessara þjónustubátta í málum er falla undir samning þennan. Umfang mála er umreiknað til stöðugilda innan félagsþjónustunnar. Auk launa er gert ráð fyrir launatengdum gjöldum, orlofi og stjórnunarkostnaði. Miðað er við kjarasamninga FÍ við SNR, launaflokkur 14, þrep 4. Þá er gert ráð fyrir 25% í launatengd gjöld, 0,8% í fræðslu, 12% í orlof og 8% í stjórnunarkostnað, samtals 45,8%.
- b) Vegna sérstaks húsnæðisstuðnings sem flóttafólk fær greiddan á samningstímanum, á grundvelli almennra reglna sem móttökusveitarfélagið setur skv. 2. mgr. 45. gr. laga nr. 40/1991, um félagsþjónustu sveitarfélaga. Kostnaður vegna sérstaks húsnæðisstuðnings er endurgreiddur sveitarfélaginu fyrstu tólf mánuðina.

7. gr.

Eftirlit

Þjónustukaupi hefur eftirlit með framkvæmd þjónustu á grundvelli samningsins, s.s. með nýtingu fjármuna sem greiddir eru á grundvelli samningsins og framkvæmd þjónustusala á samningi þessum m.a. hvað varðar aðbúnað notanda og inntak þjónustu. Þjónustusali veitir þjónustukaupa upplýsingar sem kallað er eftir vegna eftirlits með framkvæmd samningsins eða vegna opinberrar upplýsingagjafar.

8. gr.

Breytingar á samningi

Samningi þessum verður ekki breytt nema með skriflegu samkomulagi aðila.

Verði breytingar á gildandi lögum, reglugerðum eða fyrirkomulagi er varða þjónustu við notendur skal samningur þessi og viðaukar við hann endurskoðaðir svo fljótt sem verða má. Hafi breytingarnar áhrif á kostnað þjónustusala verða fjárframlög samkvæmt samningnum endurskoðuð í samræmi við breyttan kostnað.

Verði breytingar á fjárframlögum samkvæmt samningi þessum á grundvelli ákvörðunar Alþingis um fjárveitingu í fjárlögum til málaflokks 29.70 eða á grundvelli þess að stjórnvöld þurfi að gera breytingar á fjárframlögum vegna aðstæðna í ríkisfjármálum þá skal samningurinn endurskoðaður m.t.t. skerðingar á þjónustu þjónustusala á grundvelli skertra fjárframlaga.

9. gr.

Meðferð ágreiningsmála, vanefndir og riftun

Komi upp ágreiningur um framkvæmd eða túlkun samningsins skulu samningsaðilar leitast við að leysa slík mál sín á milli án atbeina dómstóla.

Þjónustukaupi getur frestað eða fellt niður greiðslur falli þjónusta þjónustusala niður eða hún er ekki veitt í samræmi við samning þennan, upplýsingum er ekki skilað á réttum tíma eða gæði þjónustunnar uppfyllir ekki kröfur samkvæmt kröfulýsingu og kostnaðarlíkani.

Séu vanefndir samningsaðila verulegar eða ef ekki næst að leysa úr ágreiningi er heimilt að rifta samningnum með þriggja mánaða fyrirvara.

10. gr.

Varnarþing

Mál sem rísa kunna vegna brota á samningi þessum eða vegna ágreinings um túlkun hans skulu rekin fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

11. gr.

Framsal og aðkeypt þjónusta

Þjónustusala er óheimilt að framselja skyldur samkvæmt samningi þessum. Honum er þó heimilt að semja við aðra aðila um að veita tiltekna þætti þjónustunnar og ber þá ábyrgð á henni með sama hætti og ef hún væri á eigin hendi.

12. gr.

Gildistími

Samningur þessi er gerður í samræmi við 40. gr. laga um opinber fjármál, nr. 123/2015, og gildir frá 1. október 2022 til 31. desember 2023.

13. gr.

Ákvæði um endurskoðun.

Hvor samningsaðili um sig getur óskað eftir endurskoðun á samningi þessum hvenær sem er á gildistíma samningsins. Þó skal endurskoða samninginn þegar ár er eftir af samningstímanum frá undirritun hans. Þremur mánuðum fyrir samningslok skal liggja fyrir ákvörðun um hvort samið verður um framhald þjónustunnar.

Gagnkvæmur uppsagnarfrestur samnings þessa er þrjú mánuðir. Uppsögn skal vera skrifleg.

14. gr.

Frumrit samnings

Samningur þessi er gerður í fjórum samhljóða eintökum og telst hvert um sig fullgilt frumrit. Eitt eintak skal vera í vörslu þjónustukaupa, eitt eintak í vörslu fjármála- og efnahagsráðuneytis, eitt eintak í vörslu Fjölmenningsseturs og eitt eintak í vörslu þjónustusala.

x. nóvember 2022

Guðmundur Ingi Guðbrandsson
Félags- og vinnumarkaðsráðherra

Dagur B. Eggertsson
Borgarstjóri Reykjavíkur

Nichole Leigh Mosty
Forstöðukona Fjölmenningsseturs

Bjarni Benediktsson
Fjármála- og efnahagsráðherra

Fylgiskjöl:

1. Kröfulýsing um þjónustu móttökusveitarfélaga við flóttafólk. Fyrsta útgáfa, dags. X. nóvember 2022.
2. Kostnaðarlíkan, dags. 26 september 2022.

Kröfulýsing
Þjónusta móttökusveitarfélaga vegna samræmdrar móttöku
flóttafólks

Fyrsta útgáfa

2022

Kröfúlýsing - Þjónusta móttökusveitarfélaga vegna samræmdrar móttöku flóttafólks

2022

Útgefandi: Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið
Síðumúli 24
105 Reykjavík
Sími: 545 8100
Netfang: frn@frn.is
Veffang: stjornarradid.is/raduneyti/felagsmalaraduneytid/

Umbrot og textavinnsla: Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið

© 2022 Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið

ISBN

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit	3
0 Formáli	4
0.1 Útgáfa og endurskoðun	4
0.2 Efni	4
0.3 Gildissvið	4
0.4 Notkun	4
0.5 Hugtök	5
1 Rekstur	9
1.1 Skipulag, stjórnendur og starfsmenn	11
1.1.1 Skipulag	11
1.1.2 Samstarfs- og samhæfingarnefnd	11
1.1.3 Ábyrgðarstöður	12
1.2 Rekstur á samningstíma	13
1.2.1 Kostnaður við veitingu þjónustu	13
1.2.2 Upplýsingar um þjónustu	13
1.2.3 Skrár	13
1.2.4 Samskipti og samvinna	13
1.2.5 Undirverktakar og hýsing verkefna	13
1.2.6 Upplýsingaskylda	14
1.3 Eftirlit	15
1.3.1 Úttektir	15
2 Þjónusta	17
2.1 Almennt	17
2.1.1 Hlutverk og meginmarkmið	17
2.1.2 Samstarf við aðra þjónustuaðila	17
2.1.3 Notendahópur	18
2.2 Þættir þjónustunnar	19
2.2.1 Grunnþjónusta sveitarfélaga	19
2.2.2 Þjónusta samkvæmt kröfulýsingu	20

0 Formáli

0.1 Útgáfa og endurskoðun

Fyrsta útgáfa kröfulýsingar félags- og vinnumarkaðsráðuneytisins vegna þjónustu móttökusveitarfélaga vegna samræmdrar móttöku flóttafólks.

Þessi kröfulýsing öðlast gildi þann **xx.11.2022**.

Ábyrgð, útgáfa og endurskoðun á kröfulýsingunni er hjá skrifstofu vinnumarkaðar í félags- og vinnumarkaðsráðuneytinu.

0.2 Efni

Í þessari kröfulýsingu eru settar fram lágmarkskröfur sem félags- og vinnumarkaðsráðuneytið gerir til móttökusveitarfélaga vegna samræmdrar móttöku flóttafólks. Kröfulýsingin skiptist í tvo kafla. Í kafla eitt er fjallað um rekstrarfyrirkomulag þjónustunnar og kafla tvö um þjónustu við notendur.

0.3 Gildissvið

Hlutverk þessarar kröfulýsingar um þjónustu móttökusveitarfélaga við flóttafólk er að skilgreina lágmarkskröfur sem félags- og vinnumarkaðsráðuneytið gerir til sveitarfélaga sem taka á móti flóttafólki óháð því hvernig það kemur til landsins.

Kröfulýsingin fjallar hvorki um greiðslur félags- og vinnumarkaðsráðuneytisins fyrir þjónustuna né forsendur fyrir útreikningi þeirra. Um þau atriði er fjallað í sérstökum þjónustusamningi milli félags- og vinnumarkaðsráðuneytisins og sveitarfélaganna.

0.4 Notkun

Þær kröfur sem hér eru settar fram eru sérstaklega afmarkaðar í texta kröfulýsingarinnar. Hver krafa hefur númer og heiti og mynda númerin eina samfellda röð óháð kaflaskiptingu.

Kröfulýsingin er fylgiskjal með þjónustusamningi sem félags- og vinnumarkaðsráðuneytið gerir við sveitarfélög sem taka að sér móttöku flóttafólks.

Kröfulýsingin skal lögð til grundvallar þegar úttektir eru gerðar á starfsemi móttökusveitarfélags til að ganga úr skugga um að ákvæðum kröfulýsingarinnar sé framfylgt.

0.5 Hugtök

Í kröfulýsingu þessari eru notuð ákveðin hugtök sem hafa eftirfarandi merkingu (í stafrófsröð):

Alþjóðleg vernd:

Vernd sem stjórnvöld veita einstaklingi sem hingað leitar og uppfyllir þau skilyrði sem sett eru í A-lið 1. gr. alþjóðasamnings um stöðu flóttamanna, vernd sem veitt er á grundvelli reglna um viðbótarvernd og vernd veitt ríkisfangslausum einstaklingum samkvæmt samningi um réttarstöðu ríkisfangslausra einstaklinga frá 1954. Þá falla einnig undir einstaklingar sem fengið hafa dvalarleyfi á grundvelli mannúðarsjónarmiða skv. 1. mgr. 74. gr. laga um útlendinga nr. 80/2016, þrátt fyrir að skilyrði 37. gr. sömu laga séu ekki uppfyllt.

Athugasemd:

Það kallast athugasemd þegar úttektaraðili skráir tilvik þar sem ekki er farið að tiltekinni kröfu í kröfulýsingu þrátt fyrir að krafan sé alla jafna uppfyllt.

Barn:

Einstaklingur sem ekki hefur náð 18 ára aldri.

Fjölskyldusameining

flóttafólks:

Maki/sambúðarmaki og börn sem fá dvalarleyfi vegna fjölskyldusameiningar við flóttafólk. Skilyrði er að umræddir aðilar fái dvalarleyfi sem flóttafólk.

Framkvæmdahópur:

Hópur tengiliða starfsfólks móttökusveitarfélags. Móttökusveitarfélög geta komið sér saman um að mynda einn framkvæmdahóp fyrir tiltekið landssvæði til að auka samvinnu og stuðning innan svæðisins.

Frávik:

Þegar úttektaraðili verður þess áskynja og skráir í úttektarskýrslu að tiltekin krafa í kröfulýsingu sé almennt ekki uppfyllt. Úttektaraðili getur einnig ákveðið að láta nokkrar athugasemdir sem hann gerir og tengjast allar sama kafla í kröfulýsingu, gilda sem eitt frávik.

Fylgdarlaust barn:

Barn sem kemur fylgdarlaust til landsins, svo lengi sem það er ekki í umsjá foreldra eða fullorðins einstaklings sem ber ábyrgð á því samkvæmt lögræðislögum. Þetta á einnig við ef barnið er skilið eftir án fylgdar eftir að það kemur til landsins.

Kröfulýsing:

Lýsing á kröfum félags- og vinnumarkaðsráðuneytisins til rekstrarfyrirkomulags og þjónustu við móttöku flóttafólks á vegum sveitarfélaga óháð því hvernig það kemur til landsins.

Málstjóri: Starfsmaður félagsþjónustu sveitarfélags sem er tengiliður milli allra þjónustuaðila sem skilgreindir eru í stuðningsáætlun og samhæfingaraðili þjónustu við notanda.

Móttökusveitarfélag: Sveitarfélag sem félags- og vinnumarkaðsráðuneytið hefur gert þjónustusamning við um móttöku flóttafólks.

Notandi: Notandi er flóttamaður sem nýtir sér samræmda móttöku sveitarfélags. Flóttamaður er einstaklingur sem hlotið hefur alþjóðlega vernd á Íslandi og/eða fellur undir eina af eftirfarandi skilgreiningum:

1. Einstaklingar sem fengið hafa stöðu flóttamanns skv. 1. eða 2. mgr. 37. gr. laga um útlendinga nr. 80/2016.
2. Maki/sambúðarmaki og börn sem fengið hafa dvalarleyfi vegna fjölskyldusameiningar við flóttamann sem hefur fengið stöðu skv. 37. gr. laga um útlendinga nr. 80/2016. Skilyrði er að umræddir aðilar fái dvalarleyfi sem flóttafólk.
3. Einstaklingar sem fengið hafa dvalarleyfi á grundvelli mannúðarsjónarmiða skv. 1. mgr. 74. gr. laga um útlendinga nr. 80/2016, þrátt fyrir að skilyrði 37. gr. sömu laga séu ekki uppfyllt.
4. Einstaklingar sem íslenska ríkið hefur boðið að setjast að á Íslandi í samstarfi við Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna skv. 43. laga um útlendinga nr. 80/2016.
5. Ríkisfangslausir einstaklingar sem hlotið hafa alþjóðlega vernd skv. 39. gr. laga um útlendinga nr. 80/2016.

Samningstími: Sá tími sem samningur þjónustukaupa við þjónustusala um móttöku flóttafólks er í gildi. Samningstími er skilgreindur í þjónustusamningi.

Samræmd móttaka: Samræmd þjónusta sem veitt er af sveitarfélagi (þjónustusali) sem tekur á móti flóttafólki samkvæmt samningi við félags- og vinnumarkaðsráðuneytið (þjónustukaupandi) og kröfulýsingu þessari. Ábyrgð og málstjórn sveitarfélaga á móttöku flóttafólks er óháð því hvernig það kemur til landsins. Fjölmeningarsetur og Vinnumálastofnun gegna veigumiklu hlutverki í samræmdri móttöku en kröfulýsing þessi fjallar ekki um hlutverk þeirra.

Samstarfs- og

samhæfingarnefnd: Nefnd skipuð af félags- og vinnumarkaðsráðherra sem í eru fulltrúar félags- og vinnumarkaðsráðuneytis, mennta- og barnamálaráðuneytis, Fjölmeningarseturs, Rauða kross Íslands og Vinnumálastofnunar, auk fjögurra fulltrúa sem

Samband íslenskra sveitarfélaga tilnefnir fyrir hönd þeirra sveitarfélaga sem taka á móti flóttafólki hverju sinni samkvæmt sérstökum samningi.

Starfsmaður: Einstaklingur sem innir af hendi starf í þágu móttökusveitarfélags, hvort sem hann er starfsmaður þess eða launþegi undirverktaka sveitarfélagsins.

Stuðningsáætlun: Áætlun um framkvæmd þjónustu notanda þar sem tiltekin eru markmið áætlunarinnar og leiðir, hverjir séu samstarfsaðilar og hverjir beri ábyrgð á að koma áætluninni í framkvæmd.

Úrbótaáætlun: Tímasett áætlun móttökusveitarfélags um úrbætur á þeim frávikum sem komið hafa fram í úttekt.

Úttekt: Kerfisbundin skoðun úttektaraðila á því hvort kröfur í þessari kröfulýsingu séu uppfylltar.

Verkefni

Fjölmeningarseturs

Fjölmeningarsetur ber ábyrgð á að gera flóttafólki tilboð um móttökusveitarfélag á grundvelli þeirra upplýsinga sem liggja fyrir og tengir þannig saman notendur og þjónustusala. Fjölmeningarsetur ber ábyrgð á að veita þjónustusala faglegar leiðbeiningar og ráðgjöf vegna móttöku flóttafólks og vinnur gátlista í tengslum við veitingu þjónustunnar. Loks ber Fjölmeningarsetur ábyrgð á að veita málstjórum ráðgjöf við gerð stuðningsáætlana.

Verkefni

Vinnumálastofnunar:

Vinnumálastofnun er falið að sjá notendum fyrir íslenskukennslu- og samfélagsfræðslu. Á vegum Vinnumálastofnunar stendur notendum jafnframt til boða náms- og starfsráðgjöf, aðstoð við atvinnuleit og aðra virkni tengd atvinnuþátttöku. Notanda skal tryggð tímasett stuðningsáætlun með þarfir notanda að leiðarljósi.

Þjónustukaupi: Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið samkvæmt þjónustusamningi við sveitarfélag um móttöku flóttafólks.

Þjónustusali: Sveitarfélag sem tekur á móti flóttafólki samkvæmt sérstökum þjónustusamningi.

Þjónustusamningur:

Samningur á milli þjónustukaupa og þjónustusala um móttöku flóttafólks. Kröfulýsing þessi er fylgiskjal slíks þjónustusamnings.

**Þjónustusvæði
móttökusveitarfélaga:**

Þegar fleiri en eitt sveitarfélag vinna saman að gerð þjónustusamnings við félags- og vinnumarkaðsráðuneytið um móttöku flóttafólks.

1 Rekstur

Móttaka flóttafólks sem lýst er í þessari kröfulýsingu stendur öllum einstaklingum til boða sem hlotið hafa alþjóðlega vernd á Íslandi, án tillits til þess með hvað hætti fólkið hefur komið til landsins. Koma kröfurnar til viðbótar við rétt flóttafólks samkvæmt gildandi lögum og lýsa sértækum kröfum sem gerðar eru til móttökusveitarfélaga.

Móttaka flóttafólks á vegum sveitarfélaga byggir á:

- Lögum um útlendinga, nr. 80/2016, með síðari breytingum.
- Lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991, með síðari breytingum.
- Lögum um málefni innflytjenda, nr. 116/2012.
- Lögum um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna, nr. 86/2021.
- Lögum um grunnskóla, nr. 91/2008, með síðari breytingum.
- Lögum um leikskóla, nr. 90/2008, með síðari breytingum.
- Barnaverndarlögum, nr. 80/2002, með síðari breytingum.
- Barnalögum, nr. 76/2003, með síðari breytingum.
- Lögum um félagslegan viðbótarstuðning við aldraða, nr. 74/2020.
- Reglugerð um framlög til að mæta kostnaði sveitarfélaga vegna samþættingar þjónustu í þágu farsældar barna á árinu 2022, nr. 1455/2021.
- Reglum sveitarfélaga um fjárhagsaðstoð.
- Reglum um fjárhagsaðstoð sveitarfélaga, í sérstökum tilvikum, við erlenda ríkisborgara og endurgreiðslur fjárhagsaðstoðar úr ríkissjóði, nr. 520/2021.

Ákvæði gildandi laga og reglugerða þ.m.t. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993, upplýsingalaga nr. 140/2012, sem og almennar meginreglur stjórnarsýsluréttar gilda, eftir því sem við á, um þá stjórnarsýslu sem þjónustusali tekur að sér að veita.

Eftirfarandi lög og reglugerðir voru einnig höfð til hliðsjónar:

- Lög um húsnæðisbætur, nr. 75/2016, með síðari breytingum.
- Lög um sjúkratryggingar, nr. 112/2008, með síðari breytingum.
- Lög um réttindi sjúklinga, nr. 74/1997, með síðari breytingum.
- Lög um framhaldsskóla, nr. 92/2008, með síðari breytingum.
- Lög um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir, nr. 38/2018, með síðari breytingum.
- Lög um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, nr. 90/2018, með síðari breytingum.
- Reglugerð um jöfnunarframlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til reksturs grunnskóla, nr. 351/2002.
- Reglugerð um sérfræðiþjónustu sveitarfélaga við leik- og grunnskóla og nemendaverndarráð í grunnskólum, nr. 584/2010.
- Reglugerð um rétt nemenda í framhaldsskólum til kennslu í íslensku, nr. 654/2009.
- Reglugerð um heilbrigðisþjónustu við þá sem ekki eru sjúkratryggðir á Íslandi og greiðslur fyrir heilbrigðisþjónustuna, nr. 1581/2021.
- Reglugerð um greiðslu barnabóta, nr. 555/2004.

- Leiðbeinandi reglur fyrir sveitarfélög um móttökupjónustu og aðstoð við félagslega þátttöku flóttafólks, maí 2014.

Gerður er þjónustusamningur milli þjónustusala og þjónustukaupa um samræmda móttöku flóttafólks. Kröfulýsing þessi er fylgiskjal samningsins og lýsir kröfum þjónustukaupa til rekstrarfyrirkomulags og þjónustu við samræmda móttöku á flóttafólki.

Í þessum kafla verður fjallað um kröfur til rekstrarfyrirkomulags þjónustunnar.

1.1 Skipulag, stjórnendur og starfsmenn

1.1.1 Skipulag

Þjónustusali skipuleggur starfsemi sína í samræmi við gildandi lög og reglur. Þjónustusali skal hafa þekkingu á öðrum opinberum kröfum sem gilda hverju sinni um veitingu þjónustu sem þessarar og gæta þess að reksturinn sé ávallt í samræmi við þær. Einnig skal þjónustusali skipuleggja starfsemina í samræmi við kröfur sem gerðar eru í þjónustusamningi og kröfulýsingu þessari.

1. [Rekstur.](#)

Þjónustusali skal skipuleggja og annast rekstur þeirrar þjónustu sem tilgreind er í kröfulýsingu þessari og þjónustusamningi. Hann skal reka þjónustuna í samræmi við það umfang sem þar er skilgreint og á þann hátt að kröfur sem settar eru fram í kröfulýsingunni séu ætíð uppfylltar. Þjónustusali veitir og ber ábyrgð á allri framkvæmd þjónustunnar.

2. [Skipulagning.](#)

Skipulag þjónustu við notendur skal vera skilgreint og skýrt, svo sem starfssvið og ábyrgð allra starfsmanna. Þjónustusali skal skipuleggja þjónustuna með þeim hætti að hún nái að uppfylla þær kröfur sem settar eru fram í þessari kröfulýsingu.

3. [Samræmi við ytri kröfur.](#)

Skipulag og framkvæmd þjónustunnar skal vera í samræmi við gildandi lög, stjórnvaldsfyrirmæli og kjarasamninga. Þjónustusali skal hafa yfirsýn yfir hvaða gögn af þessu tagi eru í gildi á hverjum tíma, hafa gögnin aðgengileg og gera viðeigandi breytingar á innviðum og reglum í kjölfar breytinga á gögnunum, án óþarfa tafa.

4. [Móttökuáætlun.](#)

Æskilegt er að þjónustusali geri almenna móttökuáætlun samkvæmt fyrirmynd sem unnin hefur verið af Fjölmeningarsetri.

1.1.2 Samstarfs- og samhæfingarnefnd

Samstarfs- og samhæfingarnefnd verður starfandi á samningstíma og fer félags- og vinnumarkaðsráðuneytið með formennsku í nefndinni. Í nefndinni eru fulltrúar félags- og vinnumarkaðsráðuneytis, mennta- og barnamálaráðuneytis, Fjölmeningarseturs, Rauða kross Íslands og Vinnumálastofnunar, auk fjögurra fulltrúa sem Samband íslenskra sveitarfélaga tilnefnir fyrir hönd þeirra sveitarfélaga sem taka á móti flóttafólki hverju sinni samkvæmt sérstökum samningi.

Meginhlutverk nefndarinnar er að brúa bil á milli stjórnsýslustiga og stofnana sem koma að málefnum flóttafólks. Nefndin skal hafa yfirsýn yfir stöðu móttökumála og vera vettvangur til að deila reynslu og þekkingu og fjalla um mál sem upp kunna að koma í samskiptum stofnana og í þjónustu við notendur. Verkefni nefndarinnar er að tryggja sem best samræmi og samhæfingu við móttöku og aðstoð við flóttafólk og tryggja sameiginlegan skilning þjónustusala og þjónustukaupa á kröfulýsingu þessari og þjónustusamningi. Þá er nefndin vettvangur til að greina frá því þegar aðrir

þjónustuaðilar en þeir sem eru hluti af kröfulýsingunni og þjónustusamningi sinna ekki lögbundnum hlutverkum sínum í þjónustu við flóttafólk.

1.1.3 Ábyrgðarstöður

Þjónustusali ræður því hvernig ábyrgð og verkefnum er skipt milli starfsmanna að uppfylltum eftirfarandi kröfum:

5. Málstjóri

Málstjóri er starfsmaður félagsþjónustu þjónustusala. Málstjóri tekur fyrsta viðtal og greinir þarfir notanda. Meginábyrgð málstjóra er tvíþætt. Annars vegar að sjá til þess að samfelld þjónusta þjónustusala sé veitt samkvæmt kröfulýsingu þessari og hins vegar að framlag þjónustuaðila sem skilgreindir eru í stuðningsáætlun sé samhæft eftir því sem kostur er.

Málstjóri ber ábyrgð á gerð, uppfærslu og eftirfylgd stuðningsáætlunar. Þar sem stuðningsáætlun samanstendur af framlagi fleiri aðila en þjónustusala bera stjórnendur viðkomandi þjónustuaðila meginábyrgð á að framlag þeirra uppfylli á öllum tímum lágmarkskröfur sem leiða af lögum og stjórnvaldsfyrirmælum. Málstjóri á að tryggja samvinnu á milli allra þjónustuaðila sem skilgreindir eru í stuðningsáætlun notanda, sbr. [útgefnar leiðbeiningar frá Fjölmenningssetri](#).

Málstjóri sér um að upplýsa notendur um þau úrræði sem standa til boða, svo sem hjá Vinnumálastofnun og Rauða krossinum, og sendir viðkomandi þjónustuaðila tilvísun.

Málstjóri ber ábyrgð á því að fá þjónustu túlks þegar þess er þörf.

Leitast skal við að velja málstjóra sem hefur menntun og/eða fagþekkingu sem nýtist í starfi með flóttafólki.

Eftirfylgni með stuðningi við börn, öðrum en þeim er við kemur barnaverndarmálum, er á verksviði málstjóra móttökusveitarfélags.

Við lok móttökupjónustu skal málstjóri taka saman greinargerð innan þriggja mánaða, um hvernig gengið hafi að uppfylla sett markmið í stuðningsáætlun á meðan á sértækri móttökupjónustu stóð og mat á áframhaldandi þjónustupörf að henni lokinni.

6. Sérstök þjálfun málstjóra

Þjónustukaupandi tryggir aðgengi að fræðslu fyrir starfsfólk móttökusveitarfélaga og ráðgjöf er varðar sérstöðu flóttafólks og þjónustu við notendur.

Fjölmenningssetur tryggir í samstarfi við þjónustukaupanda tvo starfsdaga árlega sem skal varið til fræðslu og endurmenntunar málstjóra.

1.2 Rekstur á samningstíma

1.2.1 Kostnaður við veitingu þjónustu

7. [Kostnaður.](#)

Fjallað er um greiðslu kostnaðar við þjónustu og rekstur við móttöku flóttafólks á vegum sveitarfélaga í sérstökum þjónustusamningi á milli þjónustukaupa og þjónustusala.

1.2.2 Upplýsingar um þjónustu

8. [Upplýsingar.](#)

Upplýsingar um þjónustu fyrir notendur í móttökusveitarfélagi skulu vera þeim aðgengilegar.

1.2.3 Skrár

9. [Skrár \(skráningar\).](#)

Þjónustusali skal skrá lyklatríði til staðfestingar þess að kröfum sé mætt. Þar komi fram hvernig samræmdri þjónustu sveitarfélagsins við notendur er háttáð til viðbótar við rétt þeirra samkvæmt gildandi lögum. Skrárnar geta til dæmis verið dagálar viðkomandi notenda.

1.2.4 Samskipti og samvinna

Við móttöku flóttafólks er lögð áhersla á þverfaglegt samstarf allra aðila sem koma að þjónustu við notendur. Markmið alls samstarfs er að brúa bilið á milli stjórnsýslustiga og stofnana sem koma að málefnum flóttafólks og skapa vettvang til að deila reynslu og þekkingu.

10. [Samstarfs- og samhæfingarnefnd.](#)

Samstarfs- og samhæfingarnefnd skal hittast fjórum sinnum á tímabilinu frá september til og með maí, eða oftari eftir þörfum, og fer yfir framvindu þjónustunnar, stöðu mála og eftir atvikum atriði sem talið er að megi betur fara almennt. Þjónustukaupi ber ábyrgð á að því að boða til fundar, rita fundargerðir, skrá ábendingar og ákvarðanir um aðgerðir sem teknar eru á fundunum. Vilji þjónustusali leggja fram tillögur að úrbótum eða koma með ábendingar um það sem betur má fara skulu þær lagðar fram skriflega. Þá skal þjónustukaupi grípa til viðeigandi ráðstafana og fylgja eftir ákvörðunum sem teknar eru á fundinum.

11. [Framkvæmdahópur.](#)

Þjónustusali getur stofnað framkvæmdahóp með tengiliðum þjónustusala. Þjónustusalar geta komið sér saman um að mynda einn framkvæmdahóp fyrir tiltekið landssvæði.

1.2.5 Undirverktakar og hýsing verkefna

12. [Hýsing verkefna.](#)

Þjónustusali getur, í þeim tilvikum sem hann telur það bæta framkvæmd þjónustunnar, samið við undirverktaka um tiltekin verk þjónustunnar. Hann

getur einnig samið við aðila utan starfseminnar um að hýsa tiltekin verkefni hennar.

13. [Ábyrgð þjónustusala ef samið er við undirverktaka.](#)

Þjónustusali ber ábyrgð á framseldri þjónustu til undirverktaka, með sama hætti og ef þjónustan væri á eigin hendi.

1.2.6 Upplýsingaskylda

Þjónustusala ber að standa skil á upplýsingum um rekstur og þjónustu starfseminnar til þjónustukaupa og skrá umbeðnar upplýsingar.

14. [Ársskýrsla.](#)

Þjónustusali ber ábyrgð á að senda þjónustukaupa ársskýrslu ótilkvaddur, 12 mánuðum eftir undirritun samnings. Í ársskýrslu skal meðal annars koma fram:

1. Fjöldi notenda þjónustunnar á liðnu ári, þ.e. hve margir nýir notendur koma í þjónustu, hve margir flytjast í annað sveitarfélag/erlendis og hve margir teljast hafa lokið samræmdri móttöku eða hætt þátttöku.
2. Upplýsingar um aldursskiptingu og kyn notenda.
3. Upplýsingar um fjölskyldugerð og fjölda barna á hverju heimili.
4. Upplýsingar um upprunaland notenda.
5. Virkni notenda, s.s. atvinnuþátttöku, fjöldi notenda í almennu námi, íslenskunámi, samfélagsfræðslu eða öðru námi.
6. Þjónustuþættir notenda, s.s. fjárhagsaðstoð, stuðningsþjónusta eða félagsleg ráðgjöf.
7. Tölfræðilegar upplýsingar um hvort settum markmiðum í einstaklingsbundnum áætlunum hafi verið náð.
8. Aðrar þær upplýsingar sem talist geta til mikilvægra upplýsinga er snúa að þjónustu við notendur og þeirri samræmdu þjónustu sem veitt var, þar á meðal upplýsingar um framgang einstaklingsáætlana.

Í ársskýrslu skulu ekki koma fram nöfn eða kennitölur notenda, en halda skal til haga öllum frumgögnum að baki þeim upplýsingum sem birtast í ársskýrslu svo hægt sé að gera úttekt á réttmæti þeirra. Fjölmeningarsetur skal senda sveitarfélögum sem hafa samning um samræmda móttöku staðlað form fyrir ársskýrslu.

1.3 Eftirlit

Eftirlit með framkvæmd þjónustunnar er m.a. eftirfarandi:

- Innra eftirlit með starfseminni er á ábyrgð þjónustusala.
- Formlegt eftirlit með framkvæmd þjónustusamnings og að kröfur sem gerðar eru í kröfulýsingu þessari séu uppfylltar eru á ábyrgð þjónustukaupa (sjá kafla 1.3.1).

Til viðbótar við árlega skoðun ársskýrslu þjónustusala hefur þjónustukaupi beint eftirlit með þjónustunni. Það felst í því að ganga kerfisbundið úr skugga um að starfsemin uppfylli kröfur samkvæmt kröfulýsingunni og þjónustusamningi.

Framkvæmd eftirlitsins er í formi vettvangsúttekta sem geta verið:

- Fyrirfram áætlaðar og tilkynntar þjónustusala.
- Fyrirvaralausar, ef þjónustukaupi fær vísbendingar um að kröfur séu ekki uppfylltar.

1.3.1 Úttektir

Þjónustukaupa er heimilt að fela Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála (GEV) framkvæmd úttektar á þjónustu þjónustusala á grundvelli laga, reglna, þjónustusamnings og kröfulýsingar þessarar. GEV ákveður, í samráði við þjónustukaupa, hvaða úttektir ráðist er í og hvaða kröfur eru skoðaðar í hverri úttekt. Úttektin getur meðal annars verið unnin í kjölfar ábendinga eða til að ganga úr skugga um að þjónustan sé í samræmi við kröfur í kröfulýsingu. Ef þjónustusali útvistar einstaka þáttum þjónustu, beinist úttektin að viðkomandi verkataka.

Úttektir fara fram á vettvangi þjónustunnar, þar sem aðstæður eru skoðaðar, rætt við notendur og/eða aðstandendur, starfsmenn og gögn skoðuð. Niðurstöðurnar eru settar fram í úttektarskýrslu. Ef úttektaraðili finnur frávik frá kröfum eða hefur athugasemdir við starfsemina að öðru leyti gerir hann skriflega grein fyrir þeim.

Viðvarandi eða ítrekuð frávik frá kröfum geta leitt til þess að þjónustukaupi ákveði að beita vanefndarúrræðum í samræmi við ákvæði þjónustusamnings.

15. Þátttaka í úttektum.

Þjónustusali skal tryggja úttektarmönnum aðstöðu til úttekta, bæði fyrirfram ákveðinna úttekta og fyrirvaralausra úttekta. Hann skal veita þeim óheftan aðgang að starfsfólki vegna fyrirspurna og að öllum gögnum sem sýnt geta fram á hvort kröfur í þessari kröfulýsingu séu uppfylltar. Við úttekt skal aðili sem þekkir vel til starfseminnar vera viðstaddur úttekt úttektaraðila, aðstoða

úttektaraðila við framkvæmdina, svara spurningum þeirra og leggja fram viðeigandi gögn.

16. Frávik og úrbætur

Ef úttektaraðili finnur frávik frá kröfum eða hefur athugasemdir við starfsemina gerir hann skriflega grein fyrir þeim.

Þjónustusali skal að lokinni úttekt ákveða til hvaða aðgerða verður gripið til úrbóta vegna frávika og athugasemda í úttektarskýrslu og tímasetja þær.

2 Þjónusta

2.1 Almennt

Móttaka flóttafólks sem lýst er í þessari kröfulýsingu er ætluð öllum einstaklingum sem hlotið hafa alþjóðlega vernd, án tillits til þess með hvað hætti fólkið hefur komið til landsins. Koma kröfurnar til viðbótar við rétt flóttafólks samkvæmt gildandi lögum og lýsa samræmdum kröfum sem gerðar eru til móttökusveitarfélaga.

Tilgangur kröfulýsingarinnar er að samræma móttöku flóttafólks og skilgreina samræmdar lágmarkskröfur sem þjónustukaupi gerir til þjónustusala. Þjónustukaupi auglýsir eftir sveitarfélögum sem vilja taka á móti flóttafólki á hverju ári og gerir þjónustusamning við þau sem lýsa sig reiðubúin til móttöku á grundvelli kröfulýsingarinnar.

2.1.1 Hlutverk og meginmarkmið

Hlutverk móttökusveitarfélags er að taka að sér málstjórn sem stuðli að aukinni heildarsýn, samfelli í þjónustu, öryggi og sveigjanleika þjónustunnar. Í fyrsta lagi hvílir á móttökusveitarfélagi skylda til að útvega notendum húsnæði til leigu, eins og kostur er, meðan á samræmdri móttökupjónustu stendur. Í öðru lagi ábyrgð á gerð, endurnýjun og eftirfylgd með framkvæmd stuðningsáætlunar. Móttökusveitarfélagi er jafnframt falið að styðja við fjölskyldusameiningu vegna fylgdarlausra barna. Móttökusveitarfélagið undirbýr íbúðir og útveggar innbú fyrir flóttafólk samkvæmt lista frá þjónustukaupa.

2.1.2 Samstarf við aðra þjónustuaðila

Til þess að markmiðum kröfulýsingarinnar verði náð er mikilvægt að náíð samstarf sé við alla þá aðila sem máli geta skipt í því skyni að tryggja notendum sem besta mögulega þjónustu. Náíð samstarf skal vera á milli þjónustukaupa, þjónustusala, Útlendingastofnunar, Fjölmeningarseturs, Rauða krossins á Íslandi og Vinnumálastofnunar, auk annarra aðila og stofnana eftir þörfum. Samstarfs- og samhæfingarnefnd skal vera vettvangur til þess að deila reynslu og þekkingu og fjalla um mál sem upp kunna að koma í samskiptum stofnana og í þjónustu við notendur.

Fjölmeningarsetur, að höfðu samráði við viðkomandi sveitarfélag, gerir flóttafólki tilboð um móttökusveitarfélag á grundvelli þeirra upplýsinga sem liggja fyrir eða kallar eftir ítarlegri upplýsingum ef þess er talin þörf. Hlutverk Fjölmeningarseturs er því að tengja saman notanda og móttökusveitarfélag. Hlutverk Fjölmeningarseturs felst einnig í því að veita móttökusveitarfélögum faglegar leiðbeiningar og ráðgjöf vegna móttöku flóttafólks og vinna gátlista í tengslum við veitingu þjónustunnar. Jafnframt veitir Fjölmeningarsetur málstjórum ráðgjöf við gerð stuðningsáætlana. Málstjórar skulu styðjast við gátlistann um mikilvæg atriði sem æskilegt er að ræða til að fá sem réttasta mynd af þjónustupörf viðkomandi notanda.

Vinnumálastofnun er falið að sjá notendum fyrir íslenskukennslu- og samfélagsfræðslu. Á vegum Vinnumálastofnunar stendur notendum jafnframt til boða náms- og starfsráðgjöf, aðstoð við atvinnuleit og aðra virkni tengda atvinnuþátttöku.

[Fjölmeningarsetur heldur utan um verkferla Vinnumálastofnunar](#) og sveitarfélaga vegna samræmdrar móttöku flóttafólks og birtir þá á heimasíðu sinni.

2.1.3 Notendahópur

Sá einstaklingur sem telst til notanda er flóttamaður sem nýtir sér samræmda móttöku sveitarfélags. Flóttamaður er sá einstaklingur sem hlotið hefur alþjóðlega vernd á Íslandi og/eða fellur undir eina af eftirfarandi skilgreiningum:

1. Einstaklingar sem fengið hafa stöðu flóttamanns skv. 1. eða 2. mgr. 37. gr. laga um útlendinga nr. 80/2016.
2. Maki/sambúðarmaki og börn sem fengið hafa dvalarleyfi vegna fjölskyldusameiningar við flóttamann sem hefur fengið stöðu skv. 37. gr. laga um útlendinga nr. 80/2016. Umræddir aðilar þurfa að fá dvalarleyfi sem flóttafólk.
3. Einstaklingar sem fengið hafa dvalarleyfi á grundvelli mannúðarsjónarmiða skv. 1. mgr. 74. gr. laga um útlendinga nr. 80/2016, þrátt fyrir að skilyrði 37. gr. sömu laga séu ekki uppfyllt.
4. Einstaklingar sem íslenska ríkið hefur boðið að setjast að á Íslandi í samstarfi við Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna, skv. 43. laga um útlendinga nr. 80/2016.
5. Ríkisfangslausir einstaklingar sem hlotið hafa alþjóðlega vernd skv. 39. gr. laga um útlendinga nr. 80/2016.

Tekið skal mið af einstaklingsbundnum þörfum hvers og eins notanda við veitingu þjónustunnar.

2.2 Þættir þjónustunnar

2.2.1 Grunnþjónusta sveitarfélaga

Þegar lögheimili hefur verið skráð í tilteknu sveitarfélagi öðlast viðkomandi rétt til félagsþjónustu sveitarfélagsins samkvæmt lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991, þar með talinn rétt til félagslegrar ráðgjafar og fjárhagsaðstoðar í samræmi við reglur sveitarfélagsins. Eftirfarandi umfjöllun um grunnþjónustu sveitarfélaga felur ekki í sér tæmandi talningu á þeim verkefnum sem telst til grunnþjónustunnar heldur er um gróft yfirlit að ræða.

Félagsleg ráðgjöf er skilgreind í 17. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga og tekur m.a. til ráðgjafar á sviði fjármála, húsnæðismála, uppeldismála, skilnaðarmála, þar með talið forsjár- og umgengnismála, ættleiðingarmála o.fl. Félagslegri ráðgjöf skal ætíð beitt í eðlilegu samhengi við aðra aðstoð samkvæmt lögnum og í samvinnu við aðra þá aðila sem bjóða upp á slíka þjónustu, svo sem skóla og heilsugæslustöðvar eftir því sem við á.

Jafnframt er það skylda sveitarfélaga skv. 26. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga að sjá um stuðningsþjónustu til handa þeim sem búa á eigin heimilum og þurfa aðstoð vegna skertrar getu, fjölskylduaðstæðna, álags, veikinda eða fötlunar. Þá kemur þar fram að aðstoð skal veitt fjölskyldum barna sem metin eru í þörf fyrir stuðning. Aðstoð skal veitt innan og utan heimilis samkvæmt reglum sem sveitarfélagið setur.

Í 30. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga segir að félagsmálanefnd er skylt, í samvinnu við foreldra, forráðamenn og aðra þá aðila sem hafa með höndum uppeldi, fræðslu og heilsugæslu barna og ungmenna, að gæta velferðar og hagsmuna þeirra í hvívetna. Félagsmálanefnd skal sjá til þess að börn fái notið hollra og þroskavænlegra uppvaxtarskilyrða, t.d. leikskóla og tómstundaiðu. Einnig skal félagsmálanefnd gæta þess að aðbúnaði barna sé ekki áfátt og ekki séu þær aðstæður í umhverfi barna sem þeim stafar hætta af.

Þá skulu félagsmálanefndir veita viðkomandi úrlausn í húsnæðismálum skv. 46. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, sé hann ekki fær um það sjálfur.

Við framkvæmd félagsþjónustunnar skal skv. 2. mgr. 1. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga þess gætt að hvetja einstaklinginn til ábyrgðar á sjálfum sér og öðrum, virða sjálfsákvörðunarrétt hans og styrkja hann til sjálfshjálpar. Um leið skulu við framkvæmd félagsþjónustunnar sköpuð skilyrði til að einstaklingurinn geti tekið virkan þátt í samfélaginu á eigin forsendum. Félagsleg þjónusta skal í heild sinni miða að valdeflingu og miðast við einstaklingsbundnar þarfir og aðstæður.

Í 3. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008 er fjallað um skólaskyldu. Öllum börnum á aldrinum 6-16 ára er skylt að sækja grunnskóla. Rekstur grunnskóla er á ábyrgð og kostnað sveitarfélaga eins og fram kemur í 5. gr. Sveitarfélög bera ábyrgð á heildarskipan skólahlads í grunnskólum sveitarfélagsins, þróun einstakra skóla, húsnæði og búnaði grunnskóla, sérúrræðum grunnskóla (skólþjónustu), mati og eftirliti, öflun og miðlun upplýsinga og á framkvæmd grunnskólstarfs í sveitarfélaginu. Í 13. gr. laganna er kveðið á um að grunnskóli sé vinnustaður nemenda. Þar segir m.a. að allir nemendur grunnskóla eigi rétt á kennslu við sitt hæfi í hvetjandi námsumhverfi í viðeigandi húsnæði sem taki mið af þörfum þeirra og almennri vellíðan.

Í 16. gr. laganna er kveðið á um móttökuáætlun og nemendur með annað móðurmál en íslensku. Þar segir að móttökuáætlun vegna nemenda með annað móðurmál en íslensku skuli taka mið af bakgrunni þeirra, tungumálafærni og færni á öðrum námssviðum. Tryggja skal að þessir nemendur og foreldrar þeirra fái ráðgjöf og aðgang að upplýsingum um grunnskólastarf.

Þá er í 17. gr. laganna kveðið á um að nemendur eigi rétt á að komið sé til móts við námsþarfir þeirra í almennum grunnskóla án aðgreiningar, án tillits til líkamlegs eða andlegs atgervis. Auk þess eiga nemendur sem eiga erfitt með nám sökum sértækra námsörðugleika, tilfinningalegra eða félagslegra örðugleika og/eða fötlunar, sbr. 2. gr. laga um málefni fatlaðs fólks, nemendur með leshömlun, langveikir nemendur og aðrir nemendur með heilsutengdar sérþarfir rétt á sérstökum stuðningi í námi í samræmi við metnar sérþarfir.

Nemendur með annað móðurmál en íslensku eiga rétt á kennslu í íslensku sem öðru tungumáli. Með kennslunni er stefnt að virku tvítyngi þessara nemenda og að þeir geti stundað nám í grunnskólum og tekið virkan þátt í íslensku samfélagi. Grunnskólum er heimilt að viðurkenna kunnáttu í móðurmáli nemenda með annað móðurmál en íslensku sem hluta af skyldunámi er komi í stað skyldunáms í erlendu tungumáli.

Í lögum um sambættingu þjónustu í þágu farsældar barna nr. 86/2021 kemur fram í 21. gr. laganna að hlutverk málstjóra sé að hafa hagsmuni barns að leiðarljósi. Hann skal rækja hlutverk sitt í samstarfi og samráði við foreldra og barn. Málstjóri skal veita ráðgjöf og upplýsingar um þjónustu í þágu farsældar barns og aðstoða við að tryggja aðgang að mati og/eða greiningu á þörfum barns.

Í 1. gr. reglugerðar nr. 1455/2021, um framlög til að mæta kostnaði sveitarfélaga vegna sambættingar þjónustu í þágu farsældar barna á árinu 2022, segir að Jöfnunarsjóður sveitarfélaga ráðstafi framlagi til einstakra sveitarfélaga, til að mæta kostnaði vegna sambættingar þjónustu í þágu farsældar barna á árunum 2022-2024. Í 2. gr. reglugerðarinnar er úthlutunarregla framlagsins árið 2022 skilgreind en þar segir m.a. að 25% af framlaginu fari eftir fjölda innflytjenda af fyrstu og annarri kynslóð 1. janúar 2021.

Í 5. gr. reglugerðar um jöfnunarframlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til reksturs grunnskóla er fjallað um framlög vegna nýbúafræðslu. Þar kemur m.a. fram að Jöfnunarsjóður sveitarfélaga skuli greiða öðrum sveitarfélögum en Reykjavíkurborg framlög til nýbúafræðslu á grunnskólastigi þar sem um slíka fræðslu er að ræða. Fyrir hvert fjárhagsár skuli Jöfnunarsjóður gera áætlun um heildarframlög samkvæmt greininni. Hlutdeild hvers sveitarfélags í framlaginu tekur mið af þeim nemendafjölda sem Menntamálastofnun upplýsir að njóti íslenskukennslu í sveitarfélagi og eiga lögheimili í sveitarfélaginu.

2.2.2 Þjónusta samkvæmt kröfulýsingu

Þegar fyrir liggur kröfulýsing og þjónustusamningur skal þjónustusali til viðbótar við almenna félagsþjónustu, tryggja notendum sem samningurinn nær til samræmda þjónustu sem felst í auknum stuðningi og ráðgjöf. Verður þeim kröfum nú lýst nánar.

17. [Móttaka notenda.](#)

Þegar notandi hefur þegið boð um að setjast að í tilteknu sveitarfélagi skal móttökusveitarfélag stefna að því markmiði að hann geti hafið búsetu í sveitarfélaginu innan átta vikna frá því að hann hefur þegið boð sveitarfélagsins um móttöku.

18. [Útvegun húsnæðis.](#)

Þjónustusali tryggir, eins og kostur er, að notanda standi til boða húsnæði til leigu að jafnaði innan átta vikna frá því að hann hefur þegið boð sveitarfélagsins um móttöku. Húsnæðið, aðkoma og nánasta umhverfi skal vera þannig að það henti þörfum notenda hverju sinni. Taka skal tillit til fjölskylduaðstæðna notenda.

Ef aðstæður notenda eru með þeim hætti að þörf er á sérstökum ráðstöfunum skal þjónustusali tryggja húsnæði sem mætir slíkum þörfum, svo sem vegna fötlunar, heilsufarsaðstæðna, öldrunar eða stöðu að öðru leyti.

19. [Útvega innbú](#)

Móttökusveitarfélag útvegar húsbúnað fyrir notanda samkvæmt lista frá þjónustukaupa sem Fjölmeningarsetur tekur saman og tekur mið að fjölskyldusamsetningu og komutíma.

20. [Tímalengd móttökupjónustu.](#)

Notendum skal standa til boða ráðgjöf og þjónusta móttökusveitarfélagsins í samræmi við þjónustusamning.

21. [Túlkupjónusta.](#)

Viðtöl, ráðgjöf og veiting þjónustu skal fara fram á tungumáli sem notandi skilur og skal honum tryggð túlkun á máli sem hann skilur.

22. [Fyrsta viðtal hjá málstjóra.](#)

Málstjórar þjónustusala bera ábyrgð á því að allir notendur fái boð í fyrsta viðtal svo fljótt sem verða má. Í fyrsta viðtali fer fram grunnmat á þörfum viðkomandi notanda. Farið er yfir allt það helsta sem skiptir máli svo að hægt sé að veita sem besta og skilvirkasta þjónustu á meðan á samræmdri móttökupjónustu stendur.

Málstjóri móttökusveitarfélags hefur yfirumsjón með því að framlag þjónustuaðila sé samhæft þar sem við á. Málstjóra er falið að vinna með hverjum notanda stuðningsáætlunar þannig að einstaklingar og fjölskyldur geti nýtt styrkleika sína við að koma sér fyrir í nýju samfélagi. Málstjóra ber að gæta

þess að allir þjónustuaðilar sem koma að vinnu máls, s.s. skólar og Vinnumálastofnun komi að gerð áætlunarinnar.

Við veitingu þjónustunnar skal líta til [leiðbeinandi reglna](#) fyrir sveitarfélög um móttökupjónustu og aðstoð við félagslega þátttöku flóttafólks sem velferðarráðuneytið gaf út árið 2014.

23. Stuðningsáætlun.

Notanda skal tryggð stuðningsáætlun með þarfir hans að leiðarljósi. Áætlunin skal vera heildstæð og unnin með notendunum sjálfum. Áætlunin skal unnin með helstu þjónustuaðilum sem koma að veitingu þjónustu og stuðningsúrræða. Markmið áætlunar skal miða að því að efla getu og færni notendans og fjölskyldu í að verða virkur þátttakandi í samfélaginu.

Í áætluninni skal setja tímasett persónuleg markmið sem unnið er að hverju sinni sem og virkniúrræði. Má þar nefna íslenskunám, samfélagsfræðslu, nám, starfsþjálfun til undirbúnings þátttöku á vinnumarkaði svo og almenna atvinnuþátttöku. Auk þess skulu stuðningsáætlanir tilgreina þann sálfélagslega stuðning og þá ráðgjöf sem viðkomandi þarf á að halda m.t.t. fjölskyldugerðar og þarfa barna.

Stuðningsáætlunin skal endurskoðuð að lágmarki á fjögurra mánaða fresti, eða eftir þörfum að mati málstjóra, til að tryggja að tekið sé mið af breyttum þörfum eða aðstæðum í lífi notanda.

24. Aukinn stuðningur og ráðgjöf

Notanda skal tryggð öll almenn félagsleg ráðgjöf, sbr. 16. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, en til viðbótar skal tryggja notanda aukinn stuðning og leiðbeiningar í samræmi við stöðu notanda hverju sinni. Sem dæmi um aukinn stuðning er sálfræðiþjónusta, aðstoð við skráningu á heilsugæslu, aðstoð við gerð umsókna um húsnæðisbætur og sérstakan húsnæðisstuðning, tenging notanda við Vinnumálastofnun, aðstoð við gerð umsókna um bankareikning og rafræn skilríki, aðstoða notanda við læknisheimsóknir, aðstoð við að tryggja hita, rafmagn og internet á heimili notanda og aðstoða notanda við að kaupa símkort og strætókort.

Aukinn stuðningur vegna barna getur falið í sér að skrá börn í grunnskóla, leikskóla, og frístund, gerð samnings um sérkennslu og móðurmálskennslu, viðvera á samráðsfundi með skóla og leikskóla áður en skólaganga hefst og útvega grunnpakka fyrir skólagöngu svo sem skólatösku og pennaveski.

25. Tillit til fjölskylduaðstæðna og sérstakar ráðstafanir vegna barna

Við veitingu móttökupjónustu skal ávallt tekið tillit til fjölskylduaðstæðna viðkomandi notanda. Koma skal til móts við sérstakar þarfir barna og tekið skal tillit til réttinda þeirra og mikilvægi þess að þau hafi tækifæri á að taka virkan þátt í samfélaginu.

Koma skal til móts við þarfir barna og fjölskyldna þeirra í gegnum þjónustu sveitarfélaga, s.s. frístundaheimili, leikskóla, grunnskóla, framhaldsskóla eða

önnur menntaúrræði, eftir því sem við á. Einnig skal leggja áherslu á þátttöku barna í tómstunda og félagsstarfi.

26. [Fjölskyldusameining.](#)

Móttökusveitarfélag skal upplýst um hvort fyrirhugað sé að óskað verði eftir fjölskyldusameiningu. Málstjóri skal þá leiðbeina notandanum um umsóknarferlið og eftir atvikum senda beiðni til Fjölmeningarseturs vegna fjölskyldusameiningar.

27. [Fjölskyldusameiningar fylgdarlausra barna.](#)

Fjölmeningarsetur aðstoðar fjölskyldur fylgdarlausra barna við umsókn þeirra um fjölskyldusameiningu hér á landi. Liggja fyrir samþykki um fjölskyldusameiningu skal skipuleggja fjarfund þess efnis að kynna möguleikana á að fara í móttökusveitarfélag og afla nauðsynlegra upplýsinga til þess að tengja fjölskylduna við ákveðið móttökusveitarfélag. Með hagsmuni barnsins í fyrirrúmi skal leitast við að tryggja barninu áframhaldandi búsetu í því sveitarfélagi sem það hefur dvalið í.

Þiggi fjölskyldan boð um að flytjast í ákveðið móttökusveitarfélag fer af stað vinna móttökusveitarfélagsins við að skipuleggja komu fjölskyldunnar til landsins í samráði við móttökusveitarfélag.

Fjölmeningarsetur, í samráði við móttökusveitarfélag, sendir umsókn til félags- og vinnumarkaðsráðuneytis vegna ferðabæiðni til IOM (International Organization for Migration). Mögulegt er að stilla komudagsetningunni að einhverju leyti eftir þörfum sveitarfélags. Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið upplýsir Fjölmeningarsetur og móttökusveitarfélag þegar komudagur fjölskyldunnar liggur fyrir.

28. [Breyting á lögheimili.](#)

Ef notandi flytur úr móttökusveitarfélagi meðan á samræmdri móttökupjónustu stendur skal þjónustusali tilkynna um slíkt til Fjölmeningarseturs.

Sérstök umsýsla: Sundurliðun og tímaáætlun gerð árið 2020 með félagsráðgjöfum

Sérstök umsýsla er til viðbótar við viðtöl hjá félagsráðgjafa		Alþjóðleg vernd		Kvótaliðtafólk	
Hvenær framkv.	Sérstök umsýsla umfram viðtöl	Ábyrgð	Framkv. aðili	Ábyrgð	Framkv. aðili
Mán. 1	Mán. 2-24	Sundurliðun		Ár 1	
4-10 kist.	Undirbúningur fyrir móttöku	Málastjóri	Málastjóri	Málastjóri	Málastjóri
4,0	Heilbrigðisboðun	Málastjóri	Málastjóri	Málastjóri	Málastjóri
1,0	Útvega sálfræðipjónusta	Málastjóri	Málastjóri	Málastjóri	Málastjóri
0,5	Skrá á heilsumáttæknisid/samfélagsfræðslu	Málastjóri	Málastjóri	Málastjóri	Málastjóri
0,5	Skrá á heilsumáttæknisid	Málastjóri	Málastjóri	Málastjóri	Málastjóri
0,5	Sækja um húsnæðisbætur	Málastjóri	Málastjóri	Málastjóri	Málastjóri
0,5	Sækja um sérstakan húsnæðisstuðning	Málastjóri	Málastjóri	Málastjóri	Málastjóri
0,5	Tengja við vinnuáætlanir	Málastjóri	Málastjóri	Málastjóri	Málastjóri
3,0	Skrá hjá útlendingastofnun og sækja dvaraleyfisskráteini	Málastjóri	Málastjóri	Málastjóri	Stuðningur
1,5	Útvega bankareikning	Málastjóri	Málastjóri	Málastjóri	Stuðningur
2,0	Fara með til tannlæknis	Málastjóri	Stuðningur	Málastjóri	Stuðningur
2,0	Fara með í sjónskoðun	Málastjóri	Málastjóri	Málastjóri	Stuðningur
0,5	Trygga að sé hálfráfrágn og internet	Málastjóri	Málastjóri	Málastjóri	Stuðningur
0,5	Útvega simakort	Málastjóri	Málastjóri	Málastjóri	Stuðningur
0,5	Útvega strætókort	Málastjóri	Málastjóri	Málastjóri	Stuðningur
2,0	Útvega rafræn skírliki/íshkil og þjónusta	Málastjóri	Málastjóri	Málastjóri	Málastjóri
2,0	Fylgja eftir í sérteka heilbrigðisþjónustu eftir þörfum	Málastjóri	Málastjóri	Málastjóri	Stuðningur
		Frá Tíli	15,0	Frá Tíli	30,0
			19,0		35,0

Sérstök umsýsla vegna barna umfram viðtöl		Alþjóðleg vernd		Kvótaliðtafólk	
Hvenær framkv.	Sérstök umsýsla vegna barna umfram viðtöl	Ábyrgð	Framkv. aðili	Ábyrgð	Framkv. aðili
Mán. 1	Mán. 2-24	Sundurliðun		Ár 1	
1,0	Undirbúningur fyrir móttöku	Málastjóri	Málastjóri	Málastjóri	Málastjóri
1,0	Heilbrigðisboðun	Málastjóri	Málastjóri	Málastjóri	Málastjóri
0,5	Skrá börn í leikskóla/grunnskóla	Málastjóri	Málastjóri	Málastjóri	Málastjóri
0,5	Gera samning um sérkenndu/móðurmálskenndu	Málastjóri	Málastjóri	Málastjóri	Málastjóri
1,0	Skrá í frístundir	Málastjóri	Málastjóri	Málastjóri	Málastjóri
3,0	Samráðsfundur með leikskóla, grunnskóla, framhaldsskóla	Málastjóri	Málastjóri	Málastjóri	Málastjóri
2,0	Útvega grunnpakka fyrir skólann, skólátökur, penna-veski, íþróttaföt	Málastjóri	Málastjóri	Málastjóri	Stuðningur
		Samtals	6,0	Samtals	9,0

Að finna húsnæði og standsetja		Alþjóðleg vernd		Kvótaliðtafólk	
Hvenær framkv.	Að finna húsnæði og standsetja	Ábyrgð	Framkv. aðili	Ábyrgð	Framkv. aðili
Mán. 1	Mán. 2-24	Sundurliðun		Ár 1	
18,0	Útvega húsnæði aður en þau koma og húsbúnað	Málastjóri	Stuðningur	Málastjóri	Stuðningur
3,0	Gera húsnæðisgæmninga og afhenda lykila	Málastjóri	Stuðningur	Málastjóri	Stuðningur
		Samtals	21,0	Samtals	21,0

Tímaáætlun - Alþjóðleg vernd

Tímaáætlun fyrir sérstaka umsýslu - Einst./Hjón án barna	Ár 1							
Framkv. aðili	Samtals	mán. 1	mán. 2	mán. 3	mán. 4	mán. 5	mán. 6	mán. 7-12
Málastjóri/Stuðningur Sérstök umsýsla samkv. lista	17	9	3	2	1	1	1	0
Húsnæði	21	21						
Alls kist.	38	30	3	2	1	1	1	0

Tímaáætlun fyrir sérstaka umsýslu - Barn

Tímaáætlun fyrir sérstaka umsýslu - Barn	Ár 1							
Framkv. aðili	Samtals	mán. 1	mán. 2	mán. 3	mán. 4	mán. 5	mán. 6	mán. 7-12
Málastjóri/Stuðningur Sérstök umsýsla vegna barna	6	1	1	1	1	1	1	0
Alls kist.	6	1	1	1	1	1	1	0

Tímaáætlun - Kvótaliðtafólk

Tímaáætlun fyrir sérstaka umsýslu - Einst./Hjón án barna	Ár 1							
Framkv. aðili	Samtals	mán. 1	mán. 2	mán. 3	mán. 4	mán. 5	mán. 6	mán. 7-12
Málastjóri/Stuðningur Sérstök umsýsla samkv. lista	36	24	4	2	2	2	2	0
Húsnæði	21	21						
Alls kist.	57	45	4	2	2	2	2	0

Tímaáætlun fyrir sérstaka umsýslu - Einst./Hjón með börn

Tímaáætlun fyrir sérstaka umsýslu - Einst./Hjón með börn	Ár 1							
Framkv. aðili	Samtals	mán. 1	mán. 2	mán. 3	mán. 4	mán. 5	mán. 6	mán. 7-12
Málastjóri/Stuðningur Sérstök umsýsla vegna barna	9	2	2	2	1	1	1	0
Alls kist.	9	2	2	2	1	1	1	0

Breyting apríl 2022

Viðbætur

- 2 kist. Útvega rafræn skírliki/íshkil og þjónusta
- 3 kist. Útvega húsbúnað og finna húsnæði
- 1 kist. Útvega grunnpakka fyrir skólann, skólátökur, penna-veski, íþróttaföt

Einst. án barns - Alþjóðleg vernd												
Véttöl, ráðgjöf, verkfr. / Málástjóri												
	Ár 1				Ár 2				Ár 3			
	mán.1	mán.2	mán.3	mán.4	mán.5	mán.6	mán.7-12	mán.1-6	mán.7-12	mán.1-6	mán.7-12	
Fjöldi vottala umfram grunn	3	2	2	2	2	2	6	9	9	6	6	
Tímalengd pr. vottal með undirbún. og fráfr. (klk)	2	2	2	1,8333	1,5	1,5	1,5	1,5	1,5	1,5	1,5	
Samtals klk. í vottöl	6	4	4	3	3	3	9	13,5	13,5	9	9	

Sérstök umsjón / Málástjóri-Stuðningur-Meningarmiðari-Húsnæðisfulltrúi												
Húsnæði - Útvega og standsetja												
Sérstök umsjón svk. lista	9	3	2	1	1	1	0	0	0	0	0	
Samtals sérstök umsjón	30	3	2	1	1	1	0	0	0	0	0	
Allt klk.	36	7	6	5	4	4	9	13,5	13,5	9	9	

Einst. án barns - Alþjóðleg vernd												
Véttöl, ráðgjöf, verkfr. / Málástjóri												
	Ár 1				Ár 2				Ár 3			
	mán.1	mán.2	mán.3	mán.4	mán.5	mán.6	mán.7-12	mán.1-6	mán.7-12	mán.1-6	mán.7-12	
Fjöldi vottala umfram grunn	3	3	3	3	3	3	6	11	10	6	6	
Tímalengd pr. vottal með undirbún. og fráfr. (klk)	2	2	2	1,8333	1,5	1,5	1,5	1,5	1,5	1,5	1,5	
Samtals klk. í vottöl	6	6	6	5,5	4,5	4,5	9	16,5	15	9	9	

Sérstök umsjón / Málástjóri-Stuðningur-Meningarmiðari-Húsnæðisfulltrúi												
Húsnæði - Útvega og standsetja												
Sérstök umsjón svk. lista	9	3	2	1	1	1	0	0	0	0	0	
Samtals sérstök umsjón	30	3	2	1	1	1	0	0	0	0	0	
Allt klk.	36	9	8	6,5	5,5	5,5	9	16,5	15	9	9	

Pr. barn - Alþjóðleg vernd												
Véttöl, ráðgjöf, verkfr. / Málástjóri												
	Ár 1				Ár 2				Ár 3			
	mán.1	mán.2	mán.3	mán.4	mán.5	mán.6	mán.7-12	mán.1-6	mán.7-12	mán.1-6	mán.7-12	
Fjöldi vottala umfram grunn	0	1	0	0	0	1	0	2	1	0	1	
Tímalengd pr. vottal með undirbún. og fráfr. (klk)	1,5	1,5	1,5	1,5	1,5	1,5	1,5	1,5	1,5	1,5	1,5	
Samtals klk. í vottöl	0	1,5	0	0	0	1,5	0	2	1	0	1	

Sérstök umsjón / Málástjóri-Stuðningur-Meningarmiðari-Húsnæðisfulltrúi												
Sérstök umsjón vegna barns skv. lista												
Sérstök umsjón svk. lista	1	1	1	1	1	1	0	0	0	0	0	
Samtals sérstök umsjón	1	1	1	1	1	1	0	0	0	0	0	
Allt klk.	1	2,5	1	1	1	2,5	0	2	1	0	1	

Einst. án barns - Kvóttafla												
Véttöl, ráðgjöf, verkfr. / Málástjóri												
	Ár 1				Ár 2				Ár 3			
	mán.1	mán.2	mán.3	mán.4	mán.5	mán.6	mán.7-12	mán.1-6	mán.7-12	mán.1-6	mán.7-12	
Fjöldi vottala umfram grunn	3	2	2	2	2	2	6	10	10	6	6	
Tímalengd pr. vottal með undirbún. og fráfr. (klk)	2	2	2	2	1,5	1,5	1,5	1,5	1,5	1,5	1,5	
Samtals klk. í vottöl	6	4	4	4	3	3	9	15	15	9	9	

Sérstök umsjón / Málástjóri-Stuðningur-Meningarmiðari-Húsnæðisfulltrúi												
Húsnæði - Útvega og standsetja												
Sérstök umsjón svk. lista	24	4	2	2	2	2	0	0	0	0	0	
Samtals sérstök umsjón	45	4	2	2	2	2	0	0	0	0	0	
Allt klk.	51	10	8	7,5	6,5	6,5	9	18	16,5	9	9	

Pr. barn - Kvóttafla												
Véttöl, ráðgjöf, verkfr. / Málástjóri												
	Ár 1				Ár 2				Ár 3			
	mán.1	mán.2	mán.3	mán.4	mán.5	mán.6	mán.7-12	mán.1-6	mán.7-12	mán.1-6	mán.7-12	
Fjöldi vottala umfram grunn	0	1	0	1	0	0	1	2	1	0	1	
Tímalengd pr. vottal með undirbún. og fráfr. (klk)	1,5	1,5	1,5	1,5	1,5	1,5	1,5	1,5	1,5	1,5	1,5	
Samtals klk. í vottöl	0	1,5	0	1,5	0	0	1	2	1	0	1	

Sérstök umsjón / Málástjóri-Stuðningur-Meningarmiðari-Húsnæðisfulltrúi												
Sérstök umsjón vegna barns skv. lista												
Sérstök umsjón svk. lista	2	2	2	1	1	1	0	0	0	0	0	
Samtals sérstök umsjón	2	2	2	1	1	1	0	0	0	0	0	
Allt klk.	2	3,5	2	2,5	1	1	1	2	1	0	1	

Vegna barna sem koma eftir á fjölskyldusameiningu												
Véttöl, ráðgjöf, verkfr. / Málástjóri												
	Ár 1				Ár 2				Ár 3			
	mán.1	mán.2	mán.3	mán.4	mán.5	mán.6	mán.7-12	mán.1-6	mán.7-12	mán.1-6	mán.7-12	
Fjöldi vottala umfram grunn	1	1	0	1	0	0	0	2	2	0	1	
Tímalengd pr. vottal með undirbún. og fráfr. (klk)	1,5	1,5	1,5	1,5	1,5	1,5	1,5	1,5	1,5	1,5	1,5	
Samtals klk. í vottöl	1,5	1,5	0	1,5	0	0	0	2	2	0	1	

Sérstök umsjón / Málástjóri-Stuðningur-Meningarmiðari-Húsnæðisfulltrúi												
Sérstök umsjón vegna barns skv. lista												
Sérstök umsjón svk. lista	2	2	2	1	1	1	0	0	0	0	0	
Samtals sérstök umsjón	2	2	2	1	1	1	0	0	0	0	0	
Allt klk.	3,5	3,5	2	2,5	1	1	0	2	2	0	1	

Einst. án barns - Alþjóðleg vernd												
Félag Sérst. Húsn.												
	Ár 1				Ár 2				Ár 3			
	Klkt.	% hlutf.	Kostn.	Klkt.	% hlutf.	Kostn.	Klkt.	% hlutf.	Kostn.	Klkt.	% hlutf.	Kostn.
Félag Sérst. Húsn.	33	17	21	27	0	0	18	0	0	0	0	0
Samtals 3 ár	71	3,79%	472.040	27	1,44%	179.508	18	0,96%	119.672	116	6,20%	771.220

Hjón án barns - Alþjóðleg vernd												
Félag Sérst. Húsn.												
	Ár 1				Ár 2				Ár 3			
	Klkt.	% hlutf.	Kostn.	Klkt.	% hlutf.	Kostn.	Klkt.	% hlutf.	Kostn.	Klkt.	% hlutf.	Kostn.
Félag Sérst. Húsn.	41	17	21	32	0	0	18	0	0	0	0	
Samtals 3 ár	79,5	4,25%	528.552	31,5	1,68%	209.426	18	0,96%	119.672	129	6,89%	857.650

Pr. barn - Alþjóðleg vernd												
Félag Sérst. Húsn.												
	Ár 1				Ár 2				Ár 3			
	Klkt.	% hlutf.	Kostn.	Klkt.	% hlutf.	Kostn.	Klkt.	% hlutf.	Kostn.	Klkt.	% hlutf.	Kostn.
Félag Sérst. Húsn.	3	6	0	3	0	0	1	0	0	0	0	
Samtals 3 ár	9	0,48%	59.836	3	0,16%	19.945	1	0,05%	6.648	13	0,69%	86.430

Einst. án barns - Kvóttafla												
Félag Sérst. Húsn.												
	Ár 1				Ár 2				Ár 3			
	Klkt.	% hlutf.	Kostn.	Klkt.	% hlutf.	Kostn.	Klkt.	% hlutf.	Kostn.	Klkt.	% hlutf.	Kostn.
Félag Sérst. Húsn.	33	36	21	30	0	0	18	0	0	0	0	
Samtals 3 ár	90	4,81%	598.360	30	1,60%	199.453	18	0,96%	119.672	138	7,37%	917.486

Vöðbætur apríl 2022

2 vottöl = 3 klk

Hjón án barns - Kvóttafla												
Félag Sérst. Húsn.												
	Ár 1				Ár 2				Ár 3			
	Klkt.	% hlutf.	Kostn.	Klkt.	% hlutf.	Kostn.	Klkt.	% hlutf.	Kostn.	Klkt.	% hlutf.	Kostn.
Félag Sérst. Húsn.	41	36	21	35	0	0	18	0	0	0	0	
Samtals 3 ár	88,5	5,26%	654.872	34,5	1,84%	220.372	18	0,96%	119.672	151	8,07%	1.003.916

Vöðbætur apríl 2022

2 vottöl = 3 klk

Pr. barn - Kvóttafla												
Félag Sérst. Húsn.												
	Ár 1				Ár 2				Ár 3			
	Klkt.	% hlutf.	Kostn.	Klkt.	% hlutf.	Kostn.	Klkt.	% hlutf.	Kostn.	Klkt.	% hlutf.	Kostn.
Félag Sérst. Húsn.	4	9	0	3	0	0	1	0	0	0	0	
Samtals 3 ár	13	0,69%	86.430	3	0,16%	19.945	1	0,05%	6.648	17	0,91%	113.024

Einst. án barns - Kvóttafla												
Félag Sérst. Húsn.												
	Ár 1				Ár 2				Ár 3			
	Klkt.	% hlutf.	Kostn.	Klkt.	% hlutf.	Kostn.	Klkt.	% hlutf.	Kostn.	Klkt.	% hlutf.	Kostn.
Félag Sérst. Húsn.	4,5	9	0	4	0	0	1	0	0	0	0	
Samtals 3 ár	13,5	0,72%	89.754	4	0,21%	26.594	1	0,05%	6.648	18,5	0,99%	122.996

Kostnaðarlíkan	Ár 1			Ár 2			Ár 3			Samtals 3 ár			3 ár
	Félagsráðgjöf	Sérstök umsýsla	Húsnæði	Félagsráðgjöf	Sérstök umsýsla	Húsnæði	Félagsráðgjöf	Sérstök umsýsla	Húsnæði	Félagsráðgjöf	Sérstök umsýsla	Húsnæði	Samtals kist.
Hópur													
<u>Alþjóðleg vernd - Komin til landsins</u>													
Einst. án barns - Alþjóðleg vernd	33	17	21	27	0	0	18	0	0	78	17	21	116
Hjón án barns - Alþjóðleg vernd	41,5	17	21	31,5	0	0	18	0	0	91	17	21	129
Pr. barn - Alþjóðleg vernd	3	6	0	3	0	0	1	0	0	7	6	0	13
<u>Kvótaflóttafólk - Ekki komin til landsins</u>													
Einst. án barns - Kvótaflóttafólk	33	36	21	30	0	0	18	0	0	81	36	21	138
Hjón án barns - Kvótaflóttafólk	41,5	36	21	34,5	0	0	18	0	0	94	36	21	151
Pr. barn - Kvótaflóttafólk	4	9	0	3	0	0	1	0	0	8	9	0	17

Uppgjör og yfirlitsblað

Tímabil:	2022 Q1
Kostn. á klst.	6.648
Virkar vinnustundir pr. ár	1.872
Þegar greitt	50.000.000
Útreikningur skv. fjölda	47.596.249
+ Til greiðslu / - Umframgreitt	- 2.403.751

	Ár 1	Ár 2	Ár 3	Samtals
Fjöldi aðila pr. hóp				
Alþjóðleg vernd				
Einstaklingar	30	20	10	60
Hjón*	20	5	3	28
Börn	30	15	10	55
Kvótaflóttafólk				
Einstaklingar	5	10	5	20
Hjón*	6	7	9	22
Börn	20	15	3	38
Fjölskyldusameining				
Fjöldi barna sem kemur eftirá**	2	3	1	6
Fjöldi vinnustunda pr. hóp (klst.)				
Alþjóðleg vernd				
Einstaklingar	2.130	540	180	2.850
Hjón*	1.590	158	54	1.801
Börn	270	45	10	325
Kvótaflóttafólk				
Einstaklingar	450	300	90	840
Hjón*	591	242	162	994
Börn	260	45	3	308
Fjölskyldusameining				
Fjöldi barna sem kemur eftirá**	27	12	1	40
Fjöldi stöðugilda				
Samtals vinnustundir pr. ár (klst.)	5.318	1.341	500	7.159
Fjöldi stöðugilda	2,84	0,72	0,27	3,82

* Hjón: Tveir einstaklingar í hjónabandi er talinn sem 1 hjón
Dæmi: 4 hjón sem eru 8 einstaklingar. Talan 4 er skráð í töfluna

** Á aðeins við um börn sem koma ein eftir á í fjölskyldusameiningu
Fullorðnir aðilar sem koma í fjölskyldusameiningu fara í viðeigandi hóp eftir því hvort einstaklingur eða hjón eru að koma, í hópnum alþjóðleg vernd
Sá aðili sem kom fyrstur til landsins heldur áfram í sínum hóp óháð þeim aðila sem koma eftir á

Aætlun	2021	2022	2023	2024	2025	2021	2022	2023	2024	2025
Fjöldi flóttamanna	493	2928	0	0	0					
Alþjóðleg vernd										
Fullorðnir		227	1464							
Börn		93	732							
Kvótaflóttafólk										
Fullorðnir		14								
Börn		20								
Fjölskyldusameiningar	139									
Fullorðnir	70	0	0	0	0					
Börn	69	0	0	0	0					
Fjöldi flóttamanna sem nýttir sér aðstoðina (fullorðnir og börn)										
Alþjóðleg vernd										
Fullorðnir	60%	136	878	0	0	0	0	0	0	0
Börn	60%	56	439	0	0	0	0	0	0	0
Kvótaflóttafólk										
Fullorðnir	100%	14	0	0	0	0	0	0	0	0
Börn	100%	20	0	0	0	0	0	0	0	0
Fjölskyldusameiningar										
Fullorðnir	100%	70	0	0	0	0	0	0	0	0
Börn	100%	69	0	0	0	0	0	0	0	0
Fj. vinnustunda (blst.)	20.198	61.478	23.161	12.292	0					
Allis greitt pr. ár (millj.kr.)	134	409	154	82	-					
Fjöldi starfsmanna	10,79	32,84	12,37	6,57	0,00					
Fjöldi flóttamanna pr. hóp á ári 1										
Fjöldi - Alþjóðleg vernd Ár 1										
Einst. með/án barna	68	439	0	0	0	4.828	31.169	0	0	0
Hjón með/án barna	34	220	0	0	0	2.703	17.450	0	0	0
Börn	56	439	0	0	0	504	3.951	0	0	0
Fjöldi - Kvótaflóttafólk Ár 1										
Einst. með/án barna	6	0	0	0	0	567	0	0	0	0
Hjón með/án barna	4	0	0	0	0	378	0	0	0	0
Börn	20	0	0	0	0	260	0	0	0	0
Fjöldi - Fjölskyldusameiningar Ár 1										
Einst. með/án barna	32	0	0	0	0	2.237	0	0	0	0
Hjón með/án barna	19	0	0	0	0	1.330	0	0	0	0
Börn	69	0	0	0	0	922	0	0	0	0
Fjöldi flóttamanna pr. hóp á ári 2										
Fjöldi - Alþjóðleg vernd Ár 2										
Einst. með/án barna	Tókur frá Akureyri	89	68	439	0	2.403	1.836	11.853	0	0
Hjón með/án barna	30	34	220	0	0	945	1.071	6.914	0	0
Börn	Reykjane Hafnarfirdi	92	56	439	0	276	168	1.317	0	0
Fjöldi - Kvótaflóttafólk Ár 2										
Einst. með/án barna	53	6	0	0	0	1.990	189	0	0	0
Hjón með/án barna	28	4	0	0	0	966	133	0	0	0
Börn	26	20	0	0	0	78	60	0	0	0
Fjöldi - Fjölskyldusameiningar Ár 2										
Einst. með/án barna	0	32	0	0	0	0	851	0	0	0
Hjón með/án barna	0	19	0	0	0	0	606	0	0	0
Börn	0	69	0	0	0	0	276	0	0	0
Fjöldi flóttamanna pr. hóp á ári 3										
Fjöldi - Alþjóðleg vernd Ár 3										
Einst. með/án barna	0	89	68	439	0	0	1.602	1.234	7.902	0
Hjón með/án barna	0	30	34	220	0	0	540	612	3.951	0
Börn	0	92	56	439	0	0	92	56	439	0
Fjöldi - Kvótaflóttafólk Ár 3										
Einst. með/án barna	0	53	6	0	0	0	954	113	0	0
Hjón með/án barna	0	28	4	0	0	0	504	69	0	0
Börn	0	26	20	0	0	0	36	20	0	0
Fjöldi - Fjölskyldusameiningar Ár 3										
Einst. með/án barna	0	0	32	0	0	0	0	567	0	0
Hjón með/án barna	0	0	19	0	0	0	0	347	0	0
Börn	0	0	69	0	0	0	0	69	0	0

Niðurstöður afgreiddra mála eftir kyni og aldri 2021

Niðurstöður mála eftir kyni 2021											
EFNISMEDFERD											
Kyn / Aldur	VEITINGAR			Vernd í boði stjórnvalda	Samtals	Synjanir	Samtals	Dublin endursendingar	Vernd í öðru ríki	Önnur lok	Samtals
	Vernd	Víðbátar-vernd	Mannúðar-leysi								
Karlar	38	95	6	6	145	53	198	30	128	19	375
Konur	19	65	4	8	96	34	130	17	45	5	197
Dregir	7	39	-	8	54	22	76	7	25	4	112
Stúlkur	7	35	5	12	59	17	76	17	16	1	110
71	234	15	34	354	126	480	71	214	29	794	

Niðurstöður afgreiddra mála eftir mánuðum 2021

Niðurstöður mála eftir mánuðum 2021											
EFNISMEDFERD											
Mánuður	VEITINGAR			Vernd í boði stjórnvalda	Samtals	Synjanir	Samtals	Dublin endursendingar	Vernd í öðru ríki	Önnur lok	Samtals
	Vernd	Víðbátar-vernd	Mannúðar-leysi								
Janúar	5	10	-	-	15	3	18	1	23	3	45
Febrúar	9	26	3	-	38	9	47	6	37	4	94
Mars	1	2	-	-	3	27	30	10	47	1	88
Apríl	2	-	-	-	2	12	14	6	22	1	43
Mai	3	-	-	-	3	6	9	2	8	-	15
Júní	4	1	-	-	5	17	22	1	19	1	43
Júlí	4	13	5	-	22	12	34	7	26	1	68
Agúst	2	2	-	-	4	14	18	7	3	2	30
September	18	50	-	-	68	6	74	16	11	9	110
Oktober	16	48	5	20	89	4	93	7	11	3	114
Nóvember	6	27	1	10	44	10	54	4	2	1	61
Desember	1	55	1	4	61	6	67	4	5	3	79
71	234	15	34	354	126	480	71	214	29	794	

Heildarfjöldi veitinga eftir mánuðum, tegundum og veitingaraðila 2021

ÚTLENDINGASTOFNUN										
Mánuður	VEITINGAR			Vernd í boði stjórnvalda	Vernd fyrir alþingarmenn flóttamanna	KÆRUNEFDN ÚTLENDINGAMÁLA			Samtals	
	Vernd	Víðbátar-vernd	Mannúðar-leysi			Vernd	Víðbátar-vernd	Mannúðar-leysi		
Janúar	5	10	-	-	31	2	-	3	51	
Febrúar	9	26	3	-	3	2	-	5	48	
Mars	1	2	-	-	4	-	1	-	8	
Apríl	2	-	-	-	16	1	1	1	21	
Mai	3	-	-	-	10	2	-	-	15	
Júní	4	1	-	-	8	-	-	-	13	
Júlí	4	13	5	-	34	-	-	-	56	
Agúst	2	2	-	-	8	3	-	3	18	
September	18	50	-	-	2	-	1	-	71	
Oktober	16	48	5	20	13	-	3	1	106	
Nóvember	6	27	1	10	9	-	-	4	57	
Desember	1	55	1	4	1	-	-	-	62	
71	234	15	34	139	10	6	17	526		

Viðauki við þjónustusamning milli félagsmálaráðuneytis, nú félags- og vinnumarkaðsráðuneytis, sbr. forsetaúrskurð um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands, nr. 6/2022, og Reykjavíkurborgar um móttöku, aðstoð og þjónustu við hóp flóttafólks.

1. gr.

Gildistími, sbr. 10. gr. í samningi milli félags- og vinnumarkaðsráðuneytisins kt. 521218-0610 og Reykjavíkurborgar kt. 530269-7609, dags. 4. febrúar 2021, framlengist frá og með 1. apríl til 30. september 2022.

2. gr.

Við undirritun viðauka þessa greiðir þjónustukaupi eingreiðslu að fjárhæð 72.722.208 kr. til þjónustusala fyrir tímabilið skv. 1. gr. þessa viðauka. Sú fjárhæð sem greidd er tekur mið af fjölda notenda skv. 5. gr. í þjónustusamningi, fjölda tilvísana Fjölmeningarseturs til þjónustusala og fjölda stuðningsáætlana sem þjónustusali hefur skilað til Fjölmeningarseturs á umræddu tímabili. Fjárhæðin reiknast samkvæmt kostnaðarlíkani frá mars 2020 og er fylgiskjal 2 með viðauka þessum.

Greiða skal inn á reikning þjónustusala, nr. 0101-26-56 af fjárlagalið þjónustukaupa: 07-999-149.

Reykjavík **xx**. nóvember 2022

F.h. félags- og vinnumarkaðsráðuneytis

F.h. Reykjavíkurborgar

Fylgiskjal:

1 Þjónustusamningur félagsmálaráðuneytisins við Reykjavíkurborg um móttöku, aðstoð og þjónustu við hóp flóttafólks, dags. 4. febrúar 2021.

2. Kostnaðarlíkan, frá mars 2020.



Þjónustusamningur

um móttöku, aðstoð og þjónustu við hóp flóttafólks

1. Tilurð og markmið

Samningur þessi er gerður í kjölfar vinnu um samræmda móttöku flóttafólks þar sem endurskoðað var greiðslufyrirkomulag ríkis og sveitarfélaga. Um er að ræða reynsluverkefni til eins árs þar sem markmiðið er að afla frekari gagna sem hægt verður að nýta til ákvarðanatöku um áframhaldandi innleiðingu á verkefninu.

Félagsmálaráðuneytið hefur gefið út kröfulýsingu um þjónustu móttökusveitarfélaga við flóttafólk sem er fylgiskjal 1 með samningi þessum. Í kröfulýsingunni er að finna þær lágmarkskröfur sem félagsmálaráðuneytið gerir til móttökusveitarfélaga á rekstri og þjónustu vegna samræmdrar móttöku flóttafólks.

2. Samningsaðilar

Þjónustukaupi er félagsmálaráðuneytið, Skógarhlíð 6, 105 Reykjavík, kennitala: 521218-0610.

Þjónustusali er velferðarsvið Reykjavíkurborgar, Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík. Kennitala 530289-7609

3. Ábyrgð þjónustukaupa

Með samningi þessum tekur þjónustukaupi ábyrgð á að:

- Veita fjármagn til móttökuverkefnisins sbr. kafla 5 um greiðslur.
- Greiða fyrir stoðþjónustu hjá Fjölmenningssetri og Vinnumálastofnun eins og nánar er skilgreint í kröfulýsingu.
- Skipa Samstarfs- og samhæfingarnefnd sbr. kröfulýsingu.
- Annast eftirlit og úttektir eins og nánar er kveðið á um í kröfulýsingu.
- Veita fjármagn til þróunarverkefna sem tengjast reynsluverkefninu.

4. Ábyrgð og verkefni þjónustusala

Með samningi þessum tekur þjónustusali að sér að vera móttökusveitarfélag fyrir flóttafólk og einstaklinga sem hlotið hafa alþjóðlega vernd hér á landi sem hafa þegið boð um að setjast að í móttökutökusveitarfélagi. Sveitarfélagið samþykktir að taka að sér allt að 500 einstaklinga. Greiðslur þjónustukaupa til þjónustusala miðast við þann fjölda sem móttökusveitarfélag tekur á móti á tímabilinu

frá 1. apríl 2020 til 31. mars 2021 og gerðar hafa verið einstaklingsbundnar áætlanir fyrir og er miðað við sértækan stuðning í 12 mánuði frá því að einstaklingur hefur skráð lögheimili sitt í sveitarfélagið.

Greiðslur geta varað allt að 12 mánuðum og geta þar af leiðandi náð til 31. mars 2022 vegna einstaklinga sem öðlast lögheimili í mars 2021 og fara í samræmda móttöku hjá sveitarfélaginu í þeim mánuði.

Flytjist flóttafólk búferlum á milli sveitarfélaga á tólf mánaða tímabili samnings sbr. 10. grein, geta sveitarfélög óskað eftir því að greiðslur flytjist enn fremur skv. 5. grein samnings þessa á milli sveitarfélaga, enda séu bæði sveitarfélögin aðilar að reynsluverkefninu. Að höfðu samráði við Fjölmenningssetur og félagsmálaráðuneytið verður flutningur á greiðslum virkur frá og með öðrum mánuði eftir að lögheimili er flutt. Frá fyrsta degi þess mánaðar telst það sveitarfélag sem flutt er til vera móttökusveitarfélag viðkomandi einstaklinga.

Um ábyrgð og verkefni þjónustusala vísast til fyrrgreindrar kröfulýsingar þar sem kröfur til þjónustusala eru skilgreindar. Þá skal þjónustusali afla og miðla lykiltölum og gögnum um veitta þjónustu sbr. fylgiskjal 1 með samningi þessum. Fenginn skal óháður aðili til þess að gera úttekt á verkefninu og skal félagsmálaráðuneytið standa straum af kostnaði við úttektina.

5. Greiðslur

Við undirritun samnings þessa greiðir þjónustukaupi 90 m.kr. inn á reikning þjónustusala, 0101-26-56 af fjárlagalið: 07-999-149. Þjónustusali sendir kostnaðarstöðu þann 15. ágúst 2021 í samræmi við fjölda einstaklingsáætlana sem Reykjavíkurborg hefur skilað til Fjölmenningsseturs. Sé fjárhæð kostnaðar hærri en 90 m.kr. sendir þjónustusali reikning fyrir mismuninum.

Þann 15. desember 2021 skal þjónustusali senda reikning til þjónustukaupanda í samræmi við kostnað og lokauppgjör skal gert eigi síðar en 1. apríl 2022. Greitt er samkvæmt kostnaðarlíkan (fylgiskjali 2).

Greiðslur þjónustukaupa til þjónustusala fyrir verkefni skv. kröfulýsingu eru:

- a) Vegna stuðnings, aðstoðar og ráðgjafar til flóttafólks af hálfu félagsþjónustu sveitarfélaga. Greiðslurnar byggja á reiknilíkanum sem greinir umfang þessara þjónustubátta í málum er falla undir samning þennan. Umfang mála er umreiknað til stöðugilda innan félagsþjónustunnar. Auk launa er gert ráð fyrir launatengdum gjöldum, orlofi og stjórnunarkostnaði. Kostnaðarlíkan er tilgreint sem fylgiskjal 2. Miðað er við kjarasamninga FÍ við SNR, launaflokkur 14, þrep 4. Þá er gert ráð fyrir 30% í launatengd gjöld, 12% í orlof og 8% í stjórnunarkostnað, samtals 50%.
- b) Vegna sérstaks húsnæðisstuðnings sem flóttafólk fær greiddan á samningstímanum, á grundvelli almennra reglna sem móttökusveitarfélagið setur skv. 2. mgr. 45. gr. laga nr. 40/1991, um félagsþjónustu sveitarfélaga. Kostnaður vegna sérstaks húsnæðisstuðnings er endurgreiddur sveitarfélaginu fyrstu 12 mánuðina.
- c) Vegna útlagðs kostnaðar sveitarfélags við grunnfjárhagsaðstoð til framfærslu sem flóttafólk fær á grundvelli laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 og reglum hvers sveitarfélags.
- d) Vegna útlagðs kostnaðar sveitarfélags vegna styrkja sem fjallað er um í 6. gr. leiðbeinandi reglna fyrir sveitarfélög um móttökupjónustu og aðstoð við félagslega þátttöku flóttafólks liða: b., d., e., f., g. og h.
- e) Vegna útlagðs kostnaðar vegna húsbúnaðar.
- f) Vegna útlagðs kostnaðar vegna túlkakostnaðar.

Greiðslur vegna liðar c., d., e. og f. liðar eru á grundvelli endurgreiðslna samkvæmt 15. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélag nr. 40/1991 og er greitt samkvæmt útlögðum kostnaði.

6. Sérákvæði

Undanþága er á ákvæði 2.2.2. í kröfulýsingunni sem er fylgiskjal 1. með samninginum. Samkvæmt samningi þessum þá mun Reykjavíkurborg vera undanþeginn því að útvega einstaklingum og þörum sem eru ekki með börn á framfæri sínu húsnæði til leigu. Í stað þess skal Reykjavíkurborg tryggja umfangsmikla húsnæðisráðgjöf fyrir þá aðila sem falla utan kröfu 2.2.2.

7. Meðferð ágreiningsmála og vanefndir

Telji samningsaðilar framkvæmd verkefnisins ábótavant (vanefndir), í heild eða að hluta, eða samningsaðilar uppfylla ekki samningsskyldur sínar, þrátt fyrir að hafa fengið frest til úrbóta, skal gerð skrifleg athugasemd þar að lútandi. Eftir að athugasemdirnar hafa verið teknar upp í samstarfs- og samhæfingarnefnd skv. kröfulýsingu ber viðkomandi samningsaðila að ráðast í úrbætur sem teljast mega nauðsynlegar miðað við efni samningsins, gerist þess þörf.

8. Varnarþing

Mál sem rísa kunna vegna brota á samningi þessum eða vegna ágreinings um túlkun hans skulu rekin fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

9. Framsal og aðkeypt þjónusta

Þjónustusala er óheimilt að framselja rétt sinn samkvæmt samningi þessum. Honum er þó heimilt að semja við þjónustuaðila um tiltekna þætti þjónustunnar og ber þá ábyrgð á henni með sama hætti og ef hún væri á eigin hendi.


10. Samningstími

Samningur þessi er gerður skv. 40. gr. laga um opinber fjármál, nr. 123/2015, og gildir frá undirritun og til 31. mars 2021.

11. Frumrit samnings

Samningur þessi er gerður í tveimur samhljóða eintökum og telst hvort um sig fullgilt frumrit. Eitt eintak skal vera í vörslu þjónustukaupa og annað í vörslu þjónustusala.

4. febrúar 2021



Ásmundur Einar Daðason

Félags- og barnamálaráðherra



Dagur B. Eggertsson

Borgarstjóri Reykjavíkur

Starfshlutfall á hvert mál						
Flokkun	Vægi á fyrsta ári	Klst.	% starfshlutf.	Kostn.	Kostn. frá 1. jan 2022	
Alþjóðleg vernd - Komin til landsins						
Einstk. án barns - Alþjóðleg vernd	1,00	75	3,9%	488.320	519.100	
Hjón án barns - Alþjóðleg vernd	1,17	87,5	4,5%	569.706	605.617	
Einst. með barn/börn - Alþjóðleg vernd	1,51	113	5,9%	735.735	782.111	
Hjón með barn/börn - Alþjóðleg vernd	1,69	126,5	6,6%	823.632	875.549	
Kvótaflóttafólk - Ekki komin til landsins						
Einstk. án barns - Kvótaflóttafólk	1,29	97	5,0%	631.560	671.370	
Hjón án barns - Kvótaflóttafólk	1,46	109,5	5,7%	712.947	757.887	
Einst. með barn/börn - Kvótaflóttafólk	1,91	143	7,4%	931.063	989.752	
Hjón með barn/börn - Kvótaflóttafólk	2,09	156,5	8,1%	1.018.960	1.083.190	

Laun miðast við 14. launafll. 4. þrep

<https://felagsradgjof.is/wp-content/uploads/2021/05/Kjarasamningur-FI-riki-april-2020.pdf>

Númer skjals:	FMS-EBL-029
Skjalalykill:	02.01 Fjárhagsáætlun
Útgáfa:	1
Útgáfudags.:	13.07.2018
Síðast rýnt / næst rýnt:	2018 / 2019
Ábyrgðarmaður:	Deildarstjóri áætlunar og greiningar

FMS-EBL-029 Jafnréttisskimun

Tilgangur jafnréttisskimunar:

Með jafnréttisskimun er tekið saman með einföldum hætti mat á áhrifum tillögunnar/verkefnisins á jafnrétti kynjanna og/eða jaðarsetta hópa í samræmi við stefnu Reykjavíkurborgar um kynjaða fjárhags- og starfsáætlun. Jafnréttisskimunin styður við ákvarðanatöku stjórnenda og kjörinna fulltrúa og forgangsröðun um ráðstöfun fjármuna. Fáir tillagan áframhaldandi brautargengi, er gert ráð fyrir að hún fari í jafnréttismat hafi hún jafnréttisáhrif.

Upplýsingar um verkefnið/tillöguna:

Dagsetning:	7. nóvember 2022
Svið:	Velferðarsvið
Unnið af:	Jasmina Vajzovic Crnac, leiðtogi Alþjóðateymi, ásamt Magneu Marinósdóttur, teymisstjóra Samræmdrar móttöku flóttafólks
Verkefni/tillaga:	Samning við félags- og vinnumarkaðsráðuneytið um samræmda móttöku flóttafólks
Þjónustubáttur:	Þjónusta við flóttafólk sem er parað við samræmda móttöku í Reykjavík af Fjölmenningsarsetri.
Stofnun/kostn.st.:	V-F3298
Fjárhæð:	
Annað:	

Jafnréttisskimun:

Hver er tillagan og hvert er markmið hennar?
Um er að ræða samning við félags- og vinnumarkaðsráðuneyti um þjónustu Reykjavíkurborgar við flóttafólk. Þjónustan sem sveitarfélagið veitir er skv. kröfulýsingu sem er að finna í samningi og skv. leiðbeinandi reglum fyrir sveitarfélög um móttökubjónustu og aðstoð við félagslega þátttöku flóttafólks sem gefnar voru út árið 2014 af velferðarráðuneytinu (núverandi félags- og vinnumarkaðsráðuneyti).
Hefur verið hugað að aðgerðum við undirbúning tillögunnar til þess að stuðla að jafnrétti? Ef já, lýsið.
Greinarmunurinn sem er gerður á flóttafólki er hvort það kemur til landsins sem kvótaflóttafólk eða umsækjendur um alþjóðlega vernd sem eftir efnislega meðferð umsóknar sinnar fá dvalarleyfi annað hvort á grundvelli alþjóðlegrar verndar eða af mannúðarsjónarmiðum. Gerður er greinarmunur á einstaklingum og þörum/hjónum með eða án barna. Ekki er hins vegar vikið sérstaklega að stöðu hópa eins og kvenna sérstaklega, hinsegin og kynsegin fólks eða fólks með fötlun í samningunum svo dæmi séu tekin.
Hvaða hópa snertir tillagan?
Flóttafólk sem hefur dvalarleyfi hérlendis á grundvelli alþjóðlegrar verndar eða af mannúðarsjónarmiðum og er parað við samræmda móttöku flóttafólks af Fjölmenningsarsetri.
Hvernig hefur tillagan áhrif á stöðu kynjanna og jaðarsetta hópa? Rökstyðjið.
Samningurinn lýtur að stuðningi við flóttafólk og sá hópur er almennt jaðarsettur þannig að samningurinn hefur áhrif á þann hóp í heild. Stuðningur við einstaklinga innan þessa hóps er byggður á einstaklingsáætlun sem er gerð á grundvelli þarfa- og getumats. Framkvæmd áætlunar hefur síðan áhrif m.a. á stöðu kynjanna, þ.e. konur jafnt og karlar fá aðstoð til að sækja sér nám eða vinnu o.s.frv. Sem dæmi má einnig nefna að verklag innan borgarinnar er nýtt innan samræmdrar móttöku sbr. þá er farið eftir verklaginu <i>Saman gegn ofbeldi</i> í ofbeldismálum sem eiga sér stað í röðum flóttafólks. Einnig er hinsegin og kynsegin einstaklingum veittur stuðningur til að komast í samband við Samtökin 78 og flóttafólki með fötlun aðstoðað við að fá aðgang að

þjónustu sem mætir þeirra sérþörfum. Þannig er reynt að koma á móts mismunandi þarfir og stöðu einstaklinga eftir bestu getu.

Er talin vera þörf á jafnréttismati á tillögunni?¹

Þrátt fyrir að samningurinn taki ekki tillit til mismunandi hópa nema að takmörkuðu leyti þá er stuðningur við flóttafólk veittur með hliðsjón af mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar og jafnréttissjónarmiðum sbr. dæmin hér að ofan. Þar af leiðandi er ekki talin þörf á jafnréttismati á tillögunni.

¹ Jafnréttismat felur í sér ítarlega kortlagningu á stöðu kynjanna og jaðarsettra hópa á viðkomandi sviði og greiningu á því hvernig tillagan getur aukið jafnrétti og/eða tryggt réttindi þeirra. Jafnréttismat tekur mið af mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar, lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10 frá 2008 og Evrópusáttmála um jafna stöðu kvenna og karla í sveitarfélögum og héruðum samþykktum í borgarstjórn 20. október 2009.